

**SKOÐUN** Hjalti Hugason spyr hvort afturkalla eigi lóðir trúfélaga. 15



**MENNING** Stórfenglegur flutningur á þriðju sinfóníu Mahlers á Listahátíð. 22



**LÍFIÐ** Vefsíðan Femme.is er nýtt lífsstílsblogg sem sex stelpur hafa stofnað. 30



**SPORT** Kári Árnason upp um tvær deildir á tveimur árum með Rotherham. 26


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
27. maí 2014
123. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Hótelskip í Hafnarfirði**
Samningar vegna hótel- og veitingaskips í Hafnarfjarðarhöfn eru sagðir á lokastigi. 2

**Eiginmaður neitar sök** Tvær andlega fatlaðar konur hafa lagt fram kæru gegn manni sem þær segja hafa brotið gegn sér kynferðislega. 4

**Úthlutun helmingi minni** Bókasafnssjóður fékk í ár 22 milljónir króna frá ríkinu en 42,6 milljónir í fyrra. 6

**Pólitískur jarðskjálfti** Flokkar sem vilja takmarka völd ESB fengu nærri 30 prósent þingsæta í kosningum til Evrópuþingsins. 10



14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | | SV | 6 |
| Akureyri | 12° | | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 14° | | SV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | S | 3 |
| Reykjavík | 11° | | S | 5 |

**SKÚRIR VESTRA** Í dag verða suðvestan víðast 3-8 m/s. Víða bjart með köflum en skýjað og skúrir vestra. Hiti 8-16 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Mótorhjól | Fólk




# Fyrirtæki fyrrverandi bæjarstjóra fékk samning án útboðs

Fyrirtækið Sinnum ehf. er í viðskiptum við Garðabæ vegna samninga um heimaþjónustu. Þjónustan var ekki boðin út eins og reglur kveða á um. Fyrrverandi bæjarstjóri er stjórnarformaður og stofnandi fyrirtækisins.

**GARÐABÆR** Fyrirtæki í eigu Ásdísar Höllu Bragadóttur, fyrrverandi bæjarstjóra í Garðabæ, er í tugmilljóna króna viðskiptum við Garðabæ á hverju ári án þess að útboð hafi farið fram. Fyrirtæki hennar, Sinnum ehf., sinnir heimaþjónustu við aldraða í bænum. Keppinautur fyrirtækisins segir Garðabæ hafa horft framhjá sér.

Samningur milli Sinnum ehf. og Garðabæjar var undirritaður 15. janúar 2009. Bæjarfélagið greiddi fyrirtækinu tæpar 85 milljónir króna á síðustu tveimur árum, 47 milljónir fyrir árið 2013 og tæpar 38 milljónir fyrir árið 2012.

Innkaupareglur Garðabæjar kveða á um að meginreglan sé sú að beita skuli útboði við innkaup. Skylt sé að viðhafa útboð þegar áætluð samningsfjárhæð vegna kaupa á þjónustu fer yfir 15 milljónir króna. Einnig segir í reglum um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu að fari þjónustukaup sveitarfélags yfir 33 milljónir þurfi að bjóða þau út á opnum markaði. Það var ekki gert í þessu tilviki og hefur ekki verið gert hingað til.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar. „Þegar við ákváðum fyrst að koma þessu í hendur einkaaðila könnuðum við markaðinn og þá kom í ljós að aðeins eitt fyrirtæki sinnir þessum málum á einkamarkaði. Ákveðið var að fara þessa leið á sínum tíma til að bæta þjónustuna við þá sem þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda,“ segir Gunnar.

Hann vildi ekki fara út í hvernig bærinn hefði staðið að athugun á fyrirtækjunum.

Vinun ehf. hóf störf árið 2007, ári áður en Sinnum ehf. var stofnað, og sinnir svipuðum verkefnum. Fyrirtækin eru í samkeppni og Vinun var á markaði þegar Garðabær skrifaði undir samning við Sinnum. Gunnhildur Heiða Axelsdóttir, eigandi Vinunar, telur Garðabæ hafa gengið fram hjá henni. „Vinun fékk ekki tækifæri á þessum tíma til að gera tilboð í heimaþjónustu fyrir aldraða,“ segir hún.

Ásdís Halla Bragadóttir vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. sveinn@frettabladid.is

> **Þegar við ákváðum fyrst að koma þessu í hendur einkaaðila könnuðum við markaðinn og þá kom í ljós að aðeins eitt fyrirtæki sinnir þessum málum á einkamarkaði.**
>
> *Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar*



**VEGUR BREIKKAÐUR** Grafa frá verktakafyrirtækinu Ístak vinnur við breikkun á veginum um Kambana. Breikkunin er mikið öryggisatriði, enda fara á bilinu sex til átta þúsund bílar um Hellisheiði daglega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framkvæmdir í Kömbunum:
## Akreinum mun fjölga um eina

**VEGAGERÐ** Unnið er að því þessa dagana að breikka veginn um Kambana fyrir ofan Hveragerði, þannig að hann verði tvær akreinar í báðar áttir. Verkið er hluti af breikkun hringvegarins á tæplega 15 kílómetra kafla á Hellisheiði, frá Hamragilsvegamótum að hringtorgi við Hveragerði.

Verktakafyrirtækið Ístak sér um verkið. Á heimasíðu Ístaks segir að að loknum framkvæmdum verði vegurinn um heiðina 2+1 vegur en 2+2 vegur í Kömbunum. Vegurinn verður með aðskildum akreinum alla leið, með miðjuvegriði.

Breikkun vegarins er mikið öryggisatriði, enda fara á bilinu 6.000 til 8.000 bílar um Hellisheiði daglega og skyggni er oft slæmt, jafnvel um hásumar má gera ráð fyrir þoku. - jme

Framsókn nálægt því að ná manni í borgarstjórn samkvæmt nýrri könnun:
## Sverja orð oddvita af flokknum

**STJÓRNMÁL** Nokkrir forystumanna Framsóknarflokksins gagnrýna harðlega ummæli Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita flokksins í Reykjavík, þess efnis að taka eigi til baka lóð sem múslímar hafa fengið úthlutað fyrir mosku í Safamýri.

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra og þingmaður Framsóknar, segir á fésbókarsíðu sinni að hann taki undir með Sigrúnu Magnúsdóttur þingflokksformanni um að skoðanir Sveinbjargar Birnu endurspegli ekki afstöðu flokksins. Gunnar Bragi er fyrsti ráðherra Framsóknarflokksins sem tjáir sig um málið. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, vildi ekki tjá sig um ummælin í gær.

Í stóru málunum á Stöð 2 í gærkvöld sagði Kristinn Þór Jakobsson, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjanesbæ, að ummælin stríddu gegn grundvallarstefnu Framsóknarflokksins og að hann væri þeim ósammála.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR sem birt var í gær er Framsóknarflokkurinn nálægt því að ná inn fulltrúa í borgarstjórn. Ólafur Þór Gylfason, framkvæmdastjóri MMR, segir að þó að færi svo yrði það á kostnað Sjálfstæðisflokksins, sem fengi þá þrjá fulltrúa. Ólafur Þór segir að sé miðað út frá gildum atkvæðum greiddum í borgarstjórnarkosningum 2010 sé munurinn eitt atkvæði.

Samkvæmt könnun MMR er Samfylking með fimm borgarfulltrúa, Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkur með fjóra, Vinstri græn og Píratar með einn borgarfulltrúa hvor.

Könnunin var gerð dagana 20. til 23. maí eða áður en umdeild ummæli Sveinbjargar Birnu féllu. -jme



SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR


RJÓMINN AF SÝRÐA RJÓMANUM
NÝTT


Gott í matinn
GOTTIMATINN.IS



doka

Doka-ðu aðeins við!
Bjóðum nú hinar vönduðu DOKA plötur 3-So, gæðavöru sem þú getur notað aftur og aftur, á verði sem mun koma á óvart!
FORMTAK
Fossaleyni 8/Sími: 510 2050/vidar@formtak.is

## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, eru Brassar í bandinu?

**„Nei, en bæði Brazzi og Brasilía eru í miklu uppáhaldi.“**

Guðmundur Hreiðarsson er einn stofnmeðlima Skólahljómsveitar Grafarvogs sem nú hafa tekið upp lúðrana eftir tuttugu ára hlé og sameinast í Brassbandi Reykjavíkur.

Líklegt má telja að á annað hundrað íslenskra nemenda verði í læknanámi í Slóvakíu á næsta skólaári:

# Sjötíu stúdentar fara í inntökupróf á næstunni

**MENNTAMÁL** Sjötíu stúdentar sem vilja verða læknar hafa sótt um að þreyta inntökupróf í Jessenius School of Medicine í borginni Martin í Slóvakíu.

Skólinn er deild við Comeniusháskólann í höfuðborginni Bratislava. Inntökuprófin verða haldin í dag í Reykjavík og á fimmtudag á Akureyri. Prófin þreyta 47 manns. Í júlí verður svo boðið upp á annað inntökupróf í skólann og nú þegar eru 25 búnir að skrá sig.

Nemendur þreyta próf í efnafræði og líffræði og þurfa að ná lágmarkseinkunn í báðum greinum til komast inn í skólann.

Af þeim sem þreyta inntökuprófið í þessari viku má búast við að 50 haldi utan til náms í haust.

Tvö ár eru síðan fyrstu læknanemarnir hófu nám við læknaskólann í Martin, þá fóru átta nemendur út. Í fyrra hófu 44 læknanám við skólann. Á sama tíma hófu 48 stúdentar nám í læknisfræði við Háskóla Íslands.

Að sögn Runólfs Oddssonar, ræðismanns Slóvakíu á Íslandi, hefur brottfall verið mjög lítið í hópi þeirra sem hafa farið í læknisnám.

„Ætli það séu ekki þrír til fjórir sem hafa hætt námi af einhverjum orsökum,“ segir Runólfur. Hann segir að læknanemunum hafi líkað mjög vel og samheldni innan hópsins sé mikil. Skólinn sé mjög vel tækjum búinn og nemendur stundi námið í litlum hópum. Mörgum þyki það þægilegt.

„Umhverfið er mjög fallegt og stutt í margar náttúruperlur,“ segir Runólfur og bætir við að það kunni margir að meta. - jme



**„Ætli það séu ekki þrír til fjórir sem hafa hætt námi af einhverjum orsökum.**

*Runólfur Oddsson, ræðismaður Slóvakíu á Íslandi*



**HERSHÖFÐINGJAR** Alex S. Badeh, formaður nígeríska varnarmála og aðrir háttsettir herforingjar ganga að ræðupúlti. Mikill fjöldi mótmælenda er óánægður með aðgerðaleysi stjórnvalda við fjöldamannráni hryðjuverkasamtakanna Boko Haram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Herinn vill bjarga gíslunum 200 án þess að valda þeim skaða:

# Segjast hafa fundið stúlkurnar

**NÍGERÍA Nígeríski herinn telur sig hafa uppgötvað hvar stúlkunum er haldið sem rænt var af hryðjuverkasamtökunum Boko Haram í apríl.**

**Yfirmaður varnarmála í Nígeríu, Alex Badeh, sagði að þetta væru góðar fréttir.**

**Þó játaði hann að herinn vildi ekki grípa til aðgerða sem krefðust einhvers konar valdbeitingar.**

**„Við getum ekki sótt þær með valdi. Við viljum ekki að stúlkurnar okkar deyi meðan við reynum að bjarga þeim,“ sagði Badeh.** - kóh

# Fljótandi hóteli stefnt að Hafnarfjarðarhöfn

Samningar vegna hótel- og veitingaskips í Hafnarfjarðarhöfn eru sagðir á lokastigi. Skipið var smíðað í Ungverjalandi fyrir hálfri öld og er með 62 herbergjum og veitingastað. Hafnarstjórn er jákvæð gagnvart skipinu sem á þó enn langt í land.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Númer eitt er þetta atvinnuskapandi í Hafnarfirði og kemur bænum á kortið,“ segir Magnús Garðarsson í Veitingalist sem sótt hefur um leyfi fyrir hótel- og veitingaskipi í Hafnarfjarðarhöfn.

Að sögn Magnúsar verður um að ræða 79 metra langt hótelskip með 62 herbergjum sem öll hafa eigið bað og bjarta glugga. Þar er 130 manna veitingastaður og bar og fundarherbergi. Fleyið er í „retrostíl“.



**MÁR SVEINBJÖRNSSON**



**ÚLFAR EYSTEINSSON**

„Skipið var smíðað í Búdapest í Ungverjalandi árið 1962 þegar nóg var til af peningum og ekkert var til sparað. Það var allt tekið í gegn 2011 og við erum að láta breyta því enn meira og gera það að þriggja stjörnu hóteli áður en það kemur til landsins,“ segir Magnús.

Einn forsvarsmanna verkefnisins er Hafnfirðingurinn Úlfar Eysteinsson á veitingastaðnum Þremur frökkum. Úlfar mun sjá um rekstur veitingastaðarins um borð en Magnús segir enn eftir að ganga frá samningum um rekstur hótelhlutans. Ýmsir þættir séu enn ófrágengnir. „En skipið er væntanlegt hingað í júlí og á að verða tilbúið 1. september,“ segir hann.



**KIRKJUTORG** Dýpkunarframkvæmdir og hafnargerð þarf til áður en hægt verður að hefja rekstur hótel- og veitingaskips í Hafnarfjarðarhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nokkrir staðir hafa verið ræddir fyrir skipið. Efst á listanum núna er að það verði bundið við flotbryggju út af svokölluðu Kirkjutorgi.

„Við höfum verið að skoða með jákvæðum huga hvort það er mögleiki að útbúa aðstöðu fyrir þetta,“ segir Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar. Hótelskipið geti ekki verið við hefðbundna bryggju vegna mikils munar á flóði og fjöru. Lausnin gæti því verið flotbryggja. Tveir staðir komi nú helst til greina og þá helst framan við Kirkjutorg þar sem auðvelt sé að tengja aðkomuna gatnakerfinu og staðurinn gæti tengst nauðsynlegri stækkun aðstöðunnar fyrir smábáta í Flensborgarhöfn.

„Þetta er hugmynd sem hugsanlega gæti gengið en þarf að skoða miklu betur. Ef af þessu yrði gæti það aldrei orðið fyrr en á næsta ári,“ segir hafnarstjórinn og minnir á að öllu skipulags- og hönnunarferli sé ólokið auk þess afla þurfi leyfa frá eftirlitsaðilum. „Það á eftir að skoða talsvert mikið ennþá áður en það verða teknar ákvarðanir.“

gar@frettabladid.is



**„Skipið var smíðað í Búdapest í Ungverjalandi árið 1962 þegar það var nóg til af peningum.**

*Magnús Garðarsson í Veitingalist.*

Deild lokað á Landspítala:

# MÓSA-smit ógnar fólki

**HEILBRIGÐISMÁL** Greinst hefur MÓSA-smit á smitsjúkdómadeild, A7, á Landspítala í Fossvogi. Smitið nær til sjúklinga, starfsmanna og umhverfis deildarinnar. Gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana til að takmarka frekari útbreiðslu.

Það felur í sér að loka þarf deildinni fyrir innlögnum sjúklinga og heimsóknum til sjúklinga.

Ljóst er að tafir verða á eðlilegri starfsemi lyflækningasviðs þar sem legurými spítalans er takmarkað en lokun A7 fyrir innlagnir hefur leitt til tafa við innlagnir nýrra sjúklinga. - jme

Þjóðarbúið græðir ekki:

# Skattsvik í ferðaþjónustu

**VIÐSKIPTI** Þrátt fyrir töluverða aukningu á komum ferðamanna til landsins hefur það ekki skilað sér nægjanlega til þjóðarbúsins.

Tekjur af hverjum ferðamanni hafa dregist saman ár frá ári, um 1.000-1.500 evrur á hvern ferðamann frá árinu 2004.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins á Bifröst. Í skýrslunni er leitað leiða til að taka á þessu vandamáli. Til að mynda mætti hækka frítekjumörk námsmanna eða finna leiðir til að auðvelda bótaþegum að taka sér sumarstörf. - sks




Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna við Mývatn í gær gekk vel:

# ESB-kosningar fyrirferðarmiklar

**UTANRÍKISMÁL** Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna var haldinn á Hótel Reynihlíð við Mývatn í gær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var ánægður með hvernig til tókst. Sagði hann að fundurinn hefði verið mjög góður og að ráðherrar hefðu almennt verið sammála um að tekist hefði einstaklega vel til.

„Ráðherrar voru sammála um að við ættum að efla norrænt samstarf frekar en að draga úr því. Það á við bæði um samstarf ríkjanna í hinu eiginlega norræna samstarfi en líka aðkomu þeirra að málum annars staðar í Evrópu til dæmis varðandi þróunina í Úkraínu, Sýrlandi og Afganistan.“

Evrópukosningarnar voru fyrirferðarmiklar á fundinum og að mati Sigmundar eru efnahagsvandræði Evrópusambandsríkjanna rót vandans sem álfan stendur frammi fyrir.

„ESB-kosningarnar voru vissulega ræddar. Niðurstaðan gefur ástæðu til að velta stöðunni fyrir sér, þegnarnir þyrftu að fá meira á tilfinninguna að þeir hafi eitthvað um gang mála að segja.“ Jafnframt væri rót vandans þeir miklu efnahagserfiðleikar sem Evrópusambandslöndin hafa verið að ganga í gegnum. - sa



**Á MÝVATNI** Sigmundur Davíð sagði að fundurinn með hinum forsætisráðherrum Norðurlanda hefði gengið mjög vel. MYND/HARRY BJARKI GUNNARSSON

7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum.

www.kia.com

# Glæsilegur Kia Rio

## – rúmgóður og einstaklega sparneytinn




## Eyðir aðeins frá 3,6 lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnuðum gæðabíl, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíll í heimi**. Magn **$CO_2$ í útblæstri er einnig mjög lítið** svo hann fær **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð** á nýjum Kia Rio, svo hún **gildir til ársins 2021**.

**Fjölbreytt fjármögnun í boði:** Bílasamningar til allt að sjö ára og vaxtalaus lán til þriggja ára fyrir allt að 40% af kaupverði. Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan einstaklega sparneytna bíl.

**Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **2.590.777 kr.** Rio 1,1 dísil

Aðeins **24.980 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo

*M.v. 1.129.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,55% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%. Nánar á ergo.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 14-0134

## SVONA ERUM VIÐ



**4.776 krónur var meðalverð á herraklippingu í febrúar síðastliðnum.**

Klippingin kostaði 3.832 krónur í febrúar 2010 og hefur því hækkað um nærri 25 prósent í verði.

Flug er á áætlun eftir að samningar náðust í kjaradeilu flugfreyja og Icelandair eftir 26 tíma fund:

# Flugfreyjur gerðu samning út ágúst 2015

**KJARAMÁL** Í gær var skrifað undir kjarasamning milli Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair eftir 26 tíma langan samningafund hjá ríkissáttasemjara. Samið var til ágústloka 2015.

Því verður ekki af verkfalli sem átti að hefjast klukkan sex í morgun. Hins vegar hefur verið boðað til verkfalls 12. júní samþykki flugfreyjur ekki samninginn. Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, segir launahækkanir vera í takt við hækkanir flugmanna Icelandair. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir allar flugferðir félagsins nú vera á áætlun. Guðjón segir óvíst hvaða áhrif kjaradeilur Icelandair og starfsmanna hafi á afkomu félagsins.



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON

Enn er ósamið milli flugvirkja og Icelandair. Þeim samningaviðræðum hefur verið skotið til ríkissáttasemjara. -ih



**SAMNINGUR Í HÖFN** Samningurinn var handsalaður hjá ríkissáttasemjara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SEYÐISFJÖRÐUR** Tækifæri í sameiningu upp á Egilsstaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Seyðisfjörður vill sameinast:

## Horfa yfir heiði til Héraðsbúa

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Seyðisfjarðar tekur undir bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs um sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi. „Í því samhengi telur bæjarráð að einn af vænlegustu kostunum geti verið sameining Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshéraðs,“ segir bæjarráðið sem kveður fulltrúa Seyðisfjarðar hafa unnið af heilindum að verkefni á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um að kanna kosti og galla sameiningar allra sveitarfélaga í fjórðungnum. Það sé miður að verkefnið hafi lagst af. -gar

Fjórir verkfræðingar líflátnir:

## Háhýsi hrundi í Norður-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA** Yfirvöld í Norður-Kóreu hafa líflátið fjóra byggingarverkfræðinga eftir að 23 hæða bygging hrundi í Pjongjang, höfuðborg ríkisins.

Auk verkfræðinganna var embættismaður hersins sem hafði yfirumsjón með byggingu hússins sendur í fangabúðir.

Þótt nákvæm orsök hrunsins sé óþekkt, er líklegt að hundavaðsháttur hafi verið í vinnubrögðum iðnaðarmanna sem unnu að byggingu hússins.

Algengt er að ýmsum byggingarhráefnum sé stolið til sölu á svörtum markaði. -kóh

# Eiginmaður forstöðukonu neitar allri sök

Tvær andlega fatlaðar konur hafa lagt fram kæru gegn manni sem þær segja hafa brotið gegn sér kynferðislega. Maðurinn er búsettur á sumardvalarstað fyrir fatlaða sem konurnar hafa heimsótt. Maðurinn neitar að brotin hafi átt sér stað.

**LÖGREGLUMÁL** Eiginmaður forstöðukonu sumardvalarheimilis fyrir fatlaða, rétt utan við Selfoss, neitar að hafa brotið gegn tveimur fötluðum konum sem hafa kært hann fyrir kynferðisbrot gegn sér.

Um tvö aðskilin mál er að ræða en rannsókn annars þeirra er lokið og er það nú til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Búist er við að rannsókn síðara málsins klárist í næsta mánuði.

Manninum er gefið að sök að hafa brotið gegn konunum tveimur, sem eru þroskahamlaðar, síðastliðið sumar. Forstöðukona heimilisins greindi Fréttablaðinu frá því að önnur konan hefði lýst bílferð sem hún fór í ein með manninum en sjálf vill forstöðukonan meina að slíkt hafi aldrei átt sér stað. Jafnframt greindi hún frá því að sér sé ætlað að hafa komið að manni sínum við eitt brotanna en konan harðneitar að það hafi nokkru sinni átt sér stað. Hún segist ekki leggja neina trú á sögu kvennanna og segir þær hafa eyðilagt starfsemi sína.

Maðurinn sem kærður hefur verið fyrir brotið neitar sömuleiðis sök. „Það á bara eftir að koma í ljós hvernig þetta horfir við mér,“ segir maðurinn. „Þetta mál hefur bara sinn gang og það verða væntanlega dómstólar að skera úr um það hvað er rétt og hvað er rangt í þessu.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er álitamál um grófleika brotanna. Rannsókn málsins muni leiða í ljós hvort um brot gegn 194. grein almennra hegningarlaga sé að ræða en samkvæmt því ákvæði telst það nauðgun að notfæra sér andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Einnig komi til álita að brotin falli undir 199. grein laganna en hún snýr að banni við kynferðislegri áreitni sem meðal annars felst í káfi á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan.




**ÁRALÖNG STARFSEMI** Heimilið hefur tekið á móti fötluðu fólki í sumardvöl um áratugaskeið. Samkvæmt heimildum hafa ekki komið fram ásakanir fyrr um kynferðisbrot.

Sumardvalarheimilið hefur verið starfrækt um áratugaskeið. Starfsemi þess var hætt þegar ásakanirnar komu upp og segir forstöðukona heimilisins að starfið verði ekki tekið upp að nýju þegar málinu lýkur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var félagsmálayfirvöldum í nærliggjandi sveitarfélögum greint frá því að rannsókn málsins stæði yfir. Ekki hafa komið fram fleiri ásakanir á hendur manninum.

> **Þetta mál hefur bara sinn gang og það verða væntanlega dómstólar að skera úr um það hvað er rétt og hvað er rangt í þessu.**
>
> *Maðurinn sem var kærður fyrir kynferðisbrotið.*

snaeros@frettabladid.is



**GRÁTMÚRINN** Páfi snerti múrinn, baðst fyrir og skildi eftir bréfmiða í glufu milli steinanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hvatti til friðar og réttlætis:

## Páfi lýkur ferð í Jerúsalem

**ÍSRAEL** Frans páfi lauk ferð sinni um Mið-Austurlönd í gær þegar hann heimsótti ýmsa helgidóma í Jerúsalem.

Í Al-Asque-moskunni hvatti páfi fólk af öllum trúarbrögðum til að vinna saman að réttlæti og friði. Því næst baðst hann fyrir við Grátmúrinn þar sem hann skildi eftir bréfmiða.

Forsetar Ísraels og Palestínu hafa fagnað páfanum, og hafa þeir báðir þegið fundarboð hans til Vatíkansins.

Frans hélt einnig ræðu þar sem hann minntist helfararinnar. „Megi enginn misnota nafn guðs í þágu ofbeldis framar. - kóh

Þrjú fyrirtæki verðlaunuð:

## Hvatning til grænmetisæta

**SAMFÉLAGSMÁL** Samtök grænmetisæta kusu um veitingu hvatningarviðurkenninga fyrir framúrskarandi þjónustu og vöruframboð fyrir grænmetisætur.

Í ár hljóta fyrirtækin Bulsur, Ísbúðin Valdís og Gló hvatningarverðlaunin, og fá því afhent viðurkenningarskjöl samtakanna.

Bulsur hlutu verðlaunin fyrir vöruþróun og markaðssetningu á grænmetispylsum, Valdís fyrir framboð af vegan ísréttum og Gló fyrir sífellda vöruþróun og gott framboð grænmetisrétta. -kóh


**Prentaradagar**

**Allt að 40% afsláttur***

NÝHERJI




Bleksprautuprentarar, fjölnotaprentarar, laserprentarar, ljósritunarvélar og teikningaprentarar.

*ATH. takmarkað magn á einstökum vörum.

sala@nyherji.is // 569 7700


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 16° | New York | 28° |
| Aþena | 29° | Gautaborg | 18° | Orlando | 32° |
| Basel | 21° | Kaupmannahöfn | 18° | Ósló | 18° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 23° | París | 18° |
| Billund | 17° | London | 17° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 11° |

**Á MORGUN** 3-8 m/s.

**FIMMTUDAGUR** Víðast mjög hægur vindur.




**MILT NÆSTU DAGA** Ljómandi fínt veður næstu daga, einkum á morgun og á uppstigningardag. Áfram suðlægar áttir ríkjandi og milt í veðri. Lítils háttar úrkoma vestan til í dag en úrkomulítið og léttir til á morgun.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



№28
2014
Listahátíð
í Reykjavík
Eldborg, 29. maí kl. 20.00
Khatia Buniatishvili
Tónleikarnir njóta stuðnings Íslenskrar erfðagreiningar
„Ein af fremstu fremstu píanó-leikurum framtíðarinnar“
—The Guardian
Íslensk erfðagreining
Kynntu þér dagskrána
www.listahatid.is
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN
Flutningsmiðlun
Landsvirkjun
Brim Seafood
Lárusson Hönnunarstofa

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða banka fannst myglusveppur?
**2.** Hver er meðalaldur starfsfólks við kennslu í grunnskólum?
**3.** Hver er heimsmeistari unglinga í bekkpressu?

**SVÖR:**
**1.** Landsbankanum. **2.** 46 ár. **3.** Fanney Hauksdóttir.

Aðskilnaðarsinnar tókust á við úkraínska herinn í austurhluta landsins í gær:

# Hart barist á flugvelli í Donetsk

**ÚKRAÍNA** Úkraínskir aðskilnaðarsinnar hertóku flugvöllinn í borginni Donetsk í austurhluta Úkraínu í gærmorgun.

Aðskilnaðarsinnar tóku flugvöllinn með hervaldi snemma morguns. Síðar um daginn gerðu úkraínskir hermenn loftárás á flugvöllinn til þess að reka uppreisnarmennina á brott og taka stjórnina á ný.

Undir kvöld hafði skothríðina lægt, og svo virtist sem átökunum hefði lokið, að sögn fréttastofu BBC.

Átökin áttu sér stað morguninn eftir að Petro Porósjenkó, sælgætisauðkýfingurinn sem verður nýr forseti Úkraínu, talaði um að binda enda á óeirðirnar í samráði við Rússa.

Utanríkisráðherra Rússlands, Sergei Lavrov, sagði rússnesku ríkisstjórnina tilbúna að ræða við Porósjenkó, en aðeins að því gefnu að ofbeldi gegn aðskilnaðarsinnum linnti. Porósjenkó hyggst funda með rússnesku leiðtogunum í byrjun júní, eftir fund með og Bandaríkjunum og ESB Póllandi. **- kóh**



**MÓTMÆLI** Aðskilnaðarsinnar berjast hart fyrir því að Luhansk-hérað í Úkraínu geti lýst yfir sjálfstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tóku þátt í stórri aðgerð:

# Fundu fölsuð og ólögleg lyf

**LÖGGÆSLA** Þrjú mál komu upp hér á landi í alþjóðlegri aðgerð, sem er nýlokið, gegn fölsuðum og ólöglegum lyfjum sem seld eru á netinu. Embætti tollstjóra og Lyfjastofnun tóku sameiginlega þátt í aðgerðinni, sem stóð í viku. Um er að ræða stærstu alþjóðlegu aðgerð gegn sölu ólöglegra lyfja sem framkvæmd hefur verið. Meðal fölsuðu og ólöglegu lyfjanna sem fundust voru megrunarlyf, krabbameinslyf, malaríulyf og stinningarlyf. **- jme**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



VERKIN TALA
í Háskólanum í Reykjavík
27. maí - 5. júní
Opnar meistaravarnir og kynningar á rannsóknarverkefnum við tækni- og verkfræðideild

Hádegiserindi verða flutt kl. 12:15-12:45

Dagskrá:

Þriðjudagur 27. maí Stofa: V102 — **Hvers vegna og hvernig eyðileggjast efnin í mannslíkamanum?** - Magnús Kjartan Gíslason

Miðvikudagur 28. maí Stofa: V102 — **Notkun kísils til einangrunar á litarefni úr örþörungum Bláa lónsins** - Halldór G. Svavarsson

Mánudagur 2. júní Stofa: V102 — **Nýtt meistaranám í raforkuverkfræði við Háskólann í Reykjavík** - Ragnar Kristjánsson

Þriðjudagur 3. júní Stofa: V102 — **Does the perceived risk attitude among Icelandic decision makers correlate with the reality of cost overruns?** - Þórður Víkingur Friðgeirsson

Miðvikudagur 4. júní Stofa: V102 — **Notkun gagna við ákvarðanatöku** - Hlynur Stefánsson

Fimmtudagur 5. júní kl. 9-17 — **Meistaraverkefni í verkfræði** - Opnar kynningar og varnir útskrifarnema

ALLIR VELKOMNIR! hr.is

# Úthlutun til höfunda helmingi minni í ár

Bókasafnssjóður fékk í ár 22 milljónir króna frá ríkinu en 42,6 milljónir í fyrra. Höfundar hafa enga samningsstöðu. Í ár fá 423 af um 800 á skrá úthlutað úr sjóðnum en 603 í fyrra. Hæstu greiðslur nema tæplega 700 þúsund krónum.

**MENNING** Rithöfundar og aðrir sem rétt eiga á úthlutun úr bókasafnssjóði vegna afnota verka þeirra á bókasöfnum fá í ár 17,85 krónur fyrir hvert útlán. Í fyrra var úthlutun fyrir hvert útlán 36,90 krónur.

Í ár fékk sjóðurinn 22 milljónir króna frá ríkinu til úthlutunar en í fyrra var upphæðin 42,6 milljónir. Alls fá 423 úthlutað úr sjóðnum í ár. Hæstu greiðslur eru tæplega 700 þúsund krónur og fá tveir um það bil þá upphæð. Um 380 manns fá undir 100 þúsundum króna en um 40 fá yfir 100 þúsund krónur, þar af fá einungis ellefu höfundar hærra en 200 þúsund krónur.



**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR**

„Þetta eru náttúrulega engir peningar sem höfundar eru að fá fyrir lán á verkum sínum. Þeim finnst sárgrætilegt að kastað sé í sjóðinn eftir hendinni. Þetta fer eftir ákvörðunum fjárveitingavaldsins á hverju ári. Sænskir höfundar eru með samningsrétt og hitta ríkisvaldið á hverju ári til að semja um upphæðina. Flestir fá einhverjar bókasafnsgreiðslur hafa einhverja samningsstöðu en það höfum við ekki,“ segir Ragnheiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands og ritari úthlutunarnefndar greiðslna fyrir afnot bóka á bókasöfnum.

Hún segir að úthlutunin í fyrra hafi verið gleðileg. „Þá spýttu menn í með fjárfestingaáætlun en svo var hún tekin af okkur og 1,1 milljón króna í viðbót. Þegar sjóðurinn var stofnaður árið 1998 voru 17,3 milljónir í honum. Þá sagði í áliti nefndar um sjóðinn að stefna bæri að því að hann yrði 90 milljónir á nokkrum árum og var þá miðað við nágrannalöndin.“



**Á BÓKASAFNI** Barnabækur eru mest lánaðar auk bóka mikilsvirtra þýðenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjóðurinn er svokallaður deilitölusjóður, að sögn Ragnheiðar. Um 800 manns eru skráðir í sjóðinn. Í fyrra fengu 603 úthlutun eða tæplega 200 fleiri en í ár. Samkvæmt lögum er lágmarksgreiðsla þrjú þúsund krónur og hækkar hún samkvæmt framfærsluvísitölu. „Lágmarksgreiðslan í ár er 4.437 krónur. Það eru yfirleitt um 200 höfundar sem aldrei ná lágmarki. Þeir eru kannski bara með eina bók.“

Ragnheiður segir að það séu bækur barnabókahöfunda og bækur mikilsvirtra þýðenda sem mest séu lánaðar á bókasöfnum. „En það eru ekki þeir sem fá samtals mestu starfslaunin. Barnabókahöfundar fá til dæmis mjög sjaldan heilt ár úr launasjóði og þeir fá helmingi minna en „fullorðinshöfundar“ fyrir bókina sína þar sem barnabækur eru seldar á helmingi lægra verði. Ef það væru alvörutölur í þessum sjóðum gætu barnabókahöfundar verið að fá þrenn mánaðarlaun út úr þessu.“

Framkvæmdastjórinn getur þess að á fundi með menntamálaráðherra í vikunni hafi verið ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að skoða hvort hægt sé að setja inn í lög hvernig ákvarða eigi fjárhæð í bókasafnssjóðinn.

ibs@frettabladid.is

## Hverjir fá úthlutað?

Rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar, tónskáld og eftirlifandi makar rétthafa eða börn (undir 18 ára aldri) látinna rétthafa geta sótt um hjá sjóðnum og fengið greitt árlega miðað við útlán verka. Undanþágur eru þó nokkrar.

## Úthlutun til höfunda í ár

| Krónur | Fjöldi höfunda |
|---|---|
| Yfir 600 þúsund | 2 |
| Yfir 200 þúsund | 11 |
| Yfir 100 þúsund | 29 |
| Undir 100 þúsund | 380 |

Vísir birtir kynningar á oddvitum framboða á landsvísu fyrir kosningarnar:

# Áherslur kynntar á léttum nótum

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR** Vísir hefur í mánuðinum staðið fyrir Oddvitaáskorun Vísis, þar sem þeir 184 oddvitar, sem leiða lista sína í 74 sveitarfélögum, fá tækifæri á að kynna sig og áherslur flokka sinna á léttum nótum. Oddvitar víða um land hafa nýtt sér tækifærið og er hægt að skoða afraksturinn á kosningavef Vísis.

Áskorunin gengur út á að svara nokkrum laufléttum spurningum, taka „selfie“ og að taka upp mínútulangt myndband þar sem farið er yfir áherslur flokksins.

Allir fimm oddvitar Akraneskaupstaðar hafa tekið þátt í Oddvitaáskoruninni og hefur mikið verið lagt í öll myndböndin.

Allt fram að sveitarstjórnarkosningunum 31. maí munu kynningar á oddvitum víðs vegar um landið verða birtar á Vísi. Allir oddvitar geta tekið þátt. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á netfanginu samuel@365.is.



**-skó**

www.n1.is facebook.com/enneinn




ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 68326 05/14

Hluti af umhverfinu

N1



**NICOLAS MADURO** Forseti Venesúela hefur sætt gagnrýni fyrir efnahagsaðgerðir sínar sem hafa stóraukið verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Úr 21,2% í 27,3% á einu ári:

## Fátækt eykst í Venesúela

**VENESÚELA** Rúmlega fjögur hundruð þúsund fleiri heimili skilgreinast nú sem fátæk í Venesúela en fyrir einu ári.

Hlutfall þeirra heimila sem búa við örbirgð í landinu hefur hækkað úr 21 prósenti í 27 prósent eða úr 1,4 milljónum manna í 1,8 milljónir, samkvæmt tölfræðistofnun venesúelska ríkisins.

Hækkunin kemur í kjölfar þess að verðbólga í landinu varð 56 prósent. Hún hafði þau áhrif að kaupmáttur neytenda fór þverrandi og fátækt jókst til muna. **- kóh**

Hættusamt flug veldur usla:

## Ásakanir milli Kína og Japans

**KÍNA, AP** Ásakanir hafa gengið á milli Japana og Kínverja eftir að kínverskum herþotum var flogið nærri japönskum flugvélum á hafsvæði þar sem deilt hefur verið um yfirráð. Um 30 metrar voru á milli vélanna. Stjórnvöld í Kína segja tvær japanskar eftirlitsvélar hafa flogið inn á loftvarnarsvæði yfir austur-kínversku hafsvæði. **- kóh**

# Hafið er ákjósanlegt til vindorkunýtingar

Þrátt fyrir loftslagsbreytingar bendir allt til að Hafið við Búrfell verði ákjósanlegur staður til vindorkunýtingar um ókomin ár. Allt bendir til að Hafið henti óvenju vel til raforkuvinnslu í evrópskum samanburði, bæði er varðar nýtni og kostnað.



**BIRGIR FREYR RAGNARSSON**



**BIRTA KRISTÍN HELGADÓTTIR**

**ORKUMÁL** Möguleikar til raforkuvinnslu með vindmyllum virðast hagkvæmari við Búrfell en víðast hvar annars staðar í Evrópu. Svæðið mun verða fýsilegt til vindorkunýtingar um ókomin ár þrátt fyrir að loftslagsbreytingar komi til með að hafa áhrif á vindafar.

Þetta er meðal niðurstaðna tveggja meistaranema í umhverfis- og iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, þeirra Birtu Kristínar Helgadóttur og Birgis Freys Ragnarssonar, sem kynntu meistaraverkefni sín á meistaradegi Verkfræðistofnunar á fimmtudag.

Birta Kristín rannsakaði möguleg áhrif loftslagsbreytinga á vindorkunýtingu við Búrfell, en talið er að þær muni hafa mikil áhrif á veðurfar og auka tíðni ofsaveðra og hugsanlega breyta vindorkunýtingu hérlendis. Rannsóknin var gerð í samstarfi við Veðurstofu Íslands og Landsvirkjun og nýtt voru gögn frá mastri við Búrfell sem mælir vindhraða í 10 metra hæð yfir jörðu.

„Mín meginniðurstaða er sú að að orkuþéttleikinn muni minnka um u.þ.b. 10-23 prósent, allt eftir því fyrir hvaða tímabil var reiknað. Mestu breytingarnar virtust vera á seinni hluta aldarinnar, en þó ekki svo miklar að það hafi mikil áhrif á orkuframleiðslu,“ segir Birta.

Birgir lagði mat á mögulega framleiðslu vindorku og greindi kostnað vindorkukerfis í Búrfelli.

„Rannsóknin leiddi í ljós að nýtni vindmylla í Búrfelli er rúm 40 prósent að meðaltali. Einnig kom í ljós að Enercon E44-vindmyllur í Búrfelli framleiddu umtalsvert meiri orku en útgefnar aflkúrfur framleiðanda spáðu til um. Lykilniðurstöður voru að kostnaður vindorku í Búrfelli var metinn á meðal lægsta kostnaðar á kílóvattstund fyrir vindorku í Evrópu,“ segir Birgir.

Birgir vill ekki nefna neinar tölur að svo komnu máli, en segir þó að matið sé frekar íhaldssamt. „Þó svo að ekki sé farið bjartsýnustu leið í kostnaðarmati þá var niðurstaðan samt sem áður sú að Hafið í Búrfelli getur framleitt vindorku á samkeppnishæfu verði miðað við framleiðslu í Evrópu,“ segir Birgir. svavar@frettabladid.is



**Á HAFINU** Tvær vindmyllur eru við Búrfell nú þegar en þær teygja sig 55 metra í loft upp. Hver spaði er 22 metrar á lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spænskur bær fær nýtt nafn:

## Ekki lengur „gyðingavíg“

**SPÁNN, AP** Íbúar spænska bæjarins „gyðingavígbúðir“ kusu í gær með því að breyta nafni hans.

Kosningin fór svo að 29 manns kusu með breytingunni en 19 vildu halda gamla nafninu.

Kjósendur ákváðu eftir kosningu að nafn bæjarins skyldi vera „Gyðingahóll“, en það ku vera eldra nafn bæjarins.

Heitið Castrillo Matajuidos eða „gyðingavígbúðir“ var tekið upp á tímum spænska rannsóknarréttarins á 15. öld. Þá var gyðingum gert að snúa sér til kaþólskrar trúar ellegar flytja af landi brott. **- kóh**

Setja jafnréttismál á oddinn:

## Karla og konur saman í stjórnir

**JAFNRÉTTI** Fjallað verður um mikilvægi þess að fyrirtæki setji jafnréttismál á oddinn út frá viðskiptalegum forsendum og samfélagsábyrgð, á ráðstefnu sem haldin er í dag á vegum UN Women, Festu-miðstöðvar um samfélagsábyrgð og Samtaka atvinnulífsins.

Rætt verður um nauðsyn þess að hafa blandaðar stjórnir og stjórnendur í fyrirtækjum bæði út frá jafnréttissjónarmiðum og af þeirri einföldu ástæðu að teknar eru betri ákvarðanir fyrirtækjum til heilla. **- jme**


www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir akstursеiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá
5.360.000 kr.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®



7 SKÚFFUR

## PRO PLUS SERIA

**282 verkfæri** **199.900 m/vsk**

FRÁBÆRT VERÐ Á VERKFÆRUM

## TOPPA, OG BITASETT

41 stk. 1/4" toppar 4 - 14mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Framlengingar
Skrall og bitar
Sterk plasttaska

vnr IBTGADW4101

**5.900 m/vsk**
Frábært verð





8 SKÚFFUR

## PRO PLUS SERIA

**322 verkfæri** **239.900 m/vsk**

## SKRÚFSTYKKI

6" skrúfstykki með
snúningi 180°.
6" Opnun

vnr IBTDJAC0106

**16.900 m/vsk**
Fullt verð 26.735



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**14.900 m/vsk**
Fullt verð 25.231





\+ 7 SKÚFFUR

## SÁ VINSÆLI

**323 verkfæri** **179.900 m/vsk**



\+ 8 SKÚFFUR

## SÁ RISASTÓRI

**361 verkfæri** **289.900 m/vsk**

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**24.900 m/vsk**
Fullt verð 37.900



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**22.900 m/vsk**
Fullt verð 37.200



**www.sindri.is / sími 575 0000**

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

Evran, krónan og höftin



**Morgunverðarfundur þann 28. maí kl. 8:30-10:00 á Grand hótel með hollenska hagfræðingnum Dr. Roel Beetsma, íslenskum sérfræðingum og fulltrúum atvinnulífsins um gjaldmiðilsmál á Íslandi og stöðu evrunnar eftir kreppu.**

Boðið verður upp á morgunverð milli kl. 8.00 og 8:30.

Fundurinn er samstarf Evrópustofu, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins.

Fundarstjóri er Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri Mentor.

**Fundurinn fer fram á ensku.**

Dr. Roel Beetsma, prófessor og deildarforseta viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans í Amsterdam
**Lessons from the European crisis for Iceland joining the eurozone**

Ásgeir Jónsson, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands
**The Euro and Iceland´s historical difficulties with free markets**

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ
**The Euro and workers´ interests**

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA
**The employers´ viewpoint**



*Allir eru velkomnir og ekkert skráningargjald.*

Vinsamlega sendið skráningu
á netfangið evropustofa@evropustofa.is
fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 27. maí.

Nánari upplýsingar á www.evropustofa.is

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB | ASÍ | SA | SI



SIGUR Þjóðarfylking Marine Le Pen bar sigur úr býtum í kosningum til Evrópuþingsins í Frakklandi. Le Pen sagði fólkið hafa talað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ESB-kosningar pólitískur jarðskjálfti

**Flokkar sem vilja takmarka völd ESB fengu nærri 30 prósent þingsæta í kosningum til Evrópuþingsins. Tengist bæði afstöðu almennings til ESB og innanríkismálum í aðildarríkjunum, segir stjórnmálafræðingur.**

**BRUSSEL** Kjósendur í Evrópu hafa talað og niðurstöðurnar eru áfall, segir Manuel Valls, forsætisráðherra Frakklands, um niðurstöður kosninga til Evrópuþingsins. Hann líkti niðurstöðunum við pólitískan jarðskjálfta í Evrópu.

Hægriöfgaflokkar og aðrir flokkar sem vilja takmarka völd Evrópusambandsins unnu góðan sigur í kosningum, og fengu nærri 30 prósent þingsæta. Hefðbundnir hægri-, mið- og vinstriflokkar fá eftir sem áður mikinn meirihluta þingsæta á Evrópuþinginu.

„Ég held að sigur þessara róttæku afla hafi bæði eitthvað með ESB og innanríkismál að gera,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur.

Hann segir nokkur atriði vinna með öfgaflokkunum. „Fyrst ber þar að nefna efnahagskreppuna og þær aðgerðir sem stjórnvöld alls staðar í Evrópu hafa verið að grípa til til að takast á við hana,“ segir Baldur.

Kjósendur eru einnig að sýna andstöðu við frekari samruna í Evrópu. Kjósendur vilja í auknum mæli að þjóðþingin taki ákvarðanir frekar en stofnanir ESB, segir Baldur. Þá má tengja niðurstöðurnar við innflytjendamál, en hægriöfgaflokkarnir eru á móti frekari straumi innflytjenda og frjálsum straumi íbúa ríkja ESB innan sambandsins.

Í Evrópu er ríkjandi almenn vantrú á stjórnmálastéttina, sem mörgum finnst að geti ekki svarað kalli kjósenda til að koma á breytingum, segir Baldur.

Að lokum tengist þetta innanríkismálum í stórum aðildarríkjum, segir Baldur. Hann bendir á



> **Kjósendur eru að mótmæla ríkjandi valdastétt.**
>
> *Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðingur*

að óvinsælar ríkisstjórnir séu nú við völd í Bretlandi, Frakklandi og Danmörku, en hefðbundin stjórnarandstaða virðist ekki heldur njóta trausts. „Kjósendur eru að mótmæla ríkjandi valdastétt,“ segir Baldur.

Þjóðfylking Marine Le Pen er ótvíræður sigurvegari kosninganna í Frakklandi með 25 prósent atkvæða. Sósíalistaflokkur Francois Hollande Frakklandsforseta fékk aðeins 14 prósent atkvæða. „Fólkið hefur talað, hátt og skýrt,“ sagði Le Pen eftir að úrslitin voru ljós. Hún sagði kjósendur vilja að ákvarðanir yrðu teknar í Frakklandi, ekki af embættismönnum í Brussel sem enginn hafi kosið.

Breski sjálfstæðisflokkurinn (UKIP) fékk 27 prósent atkvæða. Það er meira en bæði íhaldsmenn, sem fengu 24 prósent, og Verkamannaflokkurinn, sem fékk 25 prósent atkvæða.

Í Grikklandi fékk Syriza, sem er afar vinstrinnaður flokkur, 26 prósent atkvæða, en flokkur forsætisráðherrans 23 prósent. Þjóðernissinnar í Gylltri dögun fengu 9 prósent atkvæða.

Í Þýskalandi unnu Kristilegir demókratar, flokkur Angelu Merkel kanslara, góðan sigur með um 35 prósent atkvæða. **brjann@frettabladid.is**



Getur þitt fyrirtæki orðið Fyrirtæki ársins?

Morgunverðarfundur VR og Capacent um hvernig nýta má niðurstöður í könnun á Fyrirtæki ársins og mikilvægi mannauðsstjórnunar verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 28. maí kl. 8:30 til 10:15.

**Leiðin að markmiðinu**, Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

**Hvað er Fyrirtæki ársins?** Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmannarannsókna hjá Capacent

**Nova**, Liv Bergþórsdóttir forstjóri

**Johan Rönning**, Haraldur Líndal Pétursson forstjóri

**Skref að betri mannauðsstjórnun**, Jakobína H. Árnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent

Samantekt og spurningar

Skráning og morgunverður hefst kl. 8:00

Fundarstjóri er Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

Fundurinn er opinn öllum. Verð: 2.900 kr.

**Skráðu þig á vr.is**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR

Farþegalest með sex vagna rakst á kyrrstæða lest á Indlandi:

## Níu fórust í lestarslysi

**INDLAND** Níu manns fórust og 82 slösuðust þegar lest fór út af teinunum á norðanverðu Indlandi í gær.

Slysið varð þegar farþegalest með sex vagna rakst harkalega á kyrrstæða vöruflutningalest. Neyðaraðstoðarteymi mættu á staðinn og hófust handa við að losa fólk úr brakinu. Óljóst er nákvæmlega hversu margir festust inni í vögnunum eftir slysið.

Narendra Modi, nýkjörinn forsætisráðherra Indlands, lýsti samúð sinni með fjölskyldum fórnarlambanna á samskiptamiðlinum Twitter í gær. **- kóh**



**AF SPORINU** Lest Gorakhdam Express rakst harkalega á kyrrstæða flutningalest með hræðilegum afleiðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**STÝRIR SJÁLFSBJÖRG** Þorkell Sigurlaugsson er stjórnarformaður Sjálfsbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Könnun um stofnun ársins:

# Sjálfsbjargarheimilið vann

**KÖNNUN** Sjálfsbjargarheimilið er sigurvegari í flokki stórra stofnana samkvæmt niðurstöðum úr könnuninni Stofnun ársins 2014.

Einkaleyfastofan er stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana og í flokki lítilla stofnana bar Héraðsdómur Suðurlands sigur úr býtum.

Niðurstöður könnunarinnar í ár sýna að mat starfsmanna á öllum ánægjuþáttum hefur hækkað lítillega, nema þátturinn sem mælir ánægju með launakjör.

Val á stofnun ársins er byggt á svörum tæplega fjórtán þúsund opinberra starfsmanna. **- ebg**



**ÍSAK EINAR RÚNARSSON** Nýkjörinn formaður ráðsins telur sóknarfæri vera í kjaramálum stúdenta.

Hagfræðinemi úr Garðabæ:

# Nýr formaður stúdentaráðs

**STJÓRNMÁL** Ísak Einar Rúnarsson hefur verið kjörinn formaður stúdentaráðs.

Hann tekur við af Maríu Rut Kristinsdóttur sem hefur gegnt embættinu síðastliðið ár.

Ísak er 22 ára Garðbæingur en undanfarin tvö ár hefur hann stundað nám við hagfræðideild Háskóla Íslands. Hann er oddviti Vöku sem vann sigur í kosningunum í febrúar.

„Ég tel sóknarfæri felast í hagsmunabaráttu stúdenta og mikilvægt er að ráðið haldi áfram að beita sér af fullu afli í kjaramálum stúdenta,“ segir Ísak í samtali við vefsíðu stúdentaráðs. **-sáp**



**RANNSÓKN STENDUR YFIR** Blásið hefur verið til allsherjarleitar að byssumanninum sem myrti þrjá og særði einn á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Belgar leita byssumanns:

# Dauðaleit gerð að byssumanni

**BELGÍA, AP** Í kjölfar skotárásar við sögulegt safn um gyðingdóm í Brussel hafa belgísk yfirvöld blásið til dauðaleitar að sökudólgnum.

Byssumaðurinn myrti þrjár manneskjur, ferðamannapar frá Ísrael og franska konu. Einnig hæfði hann Belga, sem liggur nú þungt haldinn á sjúkrahúsi. Maðurinn lagði fyrir utan safnið, gekk inn, hleypti af byssu sinni og yfirgaf því næst svæðið. Undirsaksóknari Belgíu, Ine Van Wymersch, sagði ýmsar ástæður geta verið að baki árásinni, en allt bendi til þess að ástæðuna megi rekja til gyðingahaturs. **-kóh**

Sjálfvirkar myndavélar verða settar upp í Eyjum í sumar í samvinnu við Oxford-háskóla:

# Lundinn kom tveimur vikum of seint

**NÁTTÚRA** Lundinn kom tveimur vikum síðar en venjulega í byggðir í Vestmannaeyjum, sem hefur ekki gerst síðan mælingar hófust árið 1952, eða í 62 ár. Fuglinn sást fyrst 2. maí síðastliðinn en yfirleitt kemur hann í Eyjar í kringum 18. apríl.

„Mig grunar að þetta sé ekki góður fyrirboði,“ segir Erpur Snær Hansen, doktor í líffræði. „Yfirleitt er svona seinkun vísbending um að eitthvað sé að, annaðhvort á vetrarstöðvunum eða að fæðan í Selvogsbanka er ekki nógu mikil.“

Fylgst verður með lundanum í sumar og til stendur að setja upp sjálfvirkar myndavélar til að mæla varpið. „Þetta er ný aðferðafræði í samvinnu við Oxford-háskóla. Notuð er tölva sem getur þekkt lunda og talið þá en þeir eru búnir að gera þetta mikið með mörgæsir á Suðurskautslandinu. Það hefur tekist mjög vel og þeir eru að færa sig yfir á norðurhvelið núna og lundinn varð fyrir valinu,“ segir Erpur Snær.

Fyrir viku fór hópur Eyjapeyja í árlegan leiðangur frá Vestmannaeyjahöfn til Helliseyjar til eggjatöku. Þar komu þeir ekki auga á neinn lunda, sem er óvenjulegt á þessum árstíma. **-fb**

**62** Lundinn hefur ekki komið svo seint til byggða í Eyjum síðan mælingar hófust fyrir 62 árum.



**MYNDAR LUNDANN** Erpur Snær Hansen að störfum með holumyndavél sem er notuð til að koma auga á lunda í holum sínum.





Miðasala er hafin á harpa.is og midi.is

2014 rmm.

AÐALSTYRKTARAÐILAR:

Reykjavíkurborg STRAUMUR ICELANDAIR

HARPA

Vísindamenn við danskan háskóla rannsökuðu grísi:

# Verða vingjarnlegir af fituríku fæði

**VÍSINDI** Grísir sem fengu fituríkt fóður urðu félagslyndari og minna árásargjarnir en hópar sem fengu fitusnauðara fóður. Grísirnir urðu jafnframt óhræddari en viðmiðunarhópar. Þetta eru niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Kaupmannahöfn sem segja að þetta ætti að hafa í huga þegar þjóðinni eru gefnar leiðbeiningar um næringu. Lífeðlisfræði manna og svína sé nefnilega áþekk. **-ibs**



**FÉLAGSLYNDARI** Grísirnir í rannsókninni fengu 42 prósent orkunnar úr fitu. NORDICPHOTOS/GETTY




†

Lokað í dag frá kl. 13:00 vegna útfarar

*Gísla Jóns Helgasonar*

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16

# Kosningabaráttan er að ná hámarki

Frambjóðendur reyna nú sitt besta til að ná eyrum kjósenda síðustu vikuna fyrir kosningar. Oddvitar framboðanna átta sem bjóða fram í höfuðborginni hafa í nógu að snúast þessa dagana og þeytast á milli staða til að spjalla við kjósendur.



**RÆDDI MÁLIN** Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, ræddi við kjósendur við stórmarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á NÆSTU GRÖSUM** Píratar hafa notið góðs gengis í borginni. Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, heilsaði upp á kjósendur í Grasagarðinum í Laugardal á sunnudag.



**EFTIRSÓTTUR** Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, er sá oddviti sem flestir vilja sjá í borgarstjórastólnum. Hann ræddi við kjósendur í Kolaportinu um helgina.



**Á FLUG** Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, fór yfir stóru málin í spjalli við kjósendur í Kolaportinu um helgina.



**Í HÁSKÓLANUM** Sigurður Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar var í Hátíðarsal Háskóla Íslands í gær þar sem hann spjallaði við viðstadda.



**RÆTT VIÐ UNGA FÓLKIÐ** Þorvaldur Þorvaldsson, oddviti Alþýðufylkingarinnar, ræddi málefni unga fólksins á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna í Hinu húsinu í gærkvöldi.



**FRAMSÓKN** Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti framsóknarmanna, var glöð í bragði í Hinu húsinu þar sem hún ræddi málefni unga fólksins.



**STEFNUMÁL** Þorleifur Gunnlaugsson, oddviti Dögunar, kynnti stefnumálin fyrir starfsmönnum Landspítalans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hársnyrtiskólinn

Átt þú samleið með okkur?

Hársnyrting er lifandi og litríkt fag fyrir skapandi einstaklinga.

Kynntu þér námið á *tskoli.is/harsnyrtiskolinn*
Opið fyrir umsóknir á haustönn á
*menntagatt.is* til 31. maí.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Rúmlega 60 játað sekt sína:

# Umfangsmikið verðsamráð

**BANDARÍKIN** Verðsamráðsrannsókn bandaríska réttarmálaráðuneytisins hefur leitt til einnar umfangsmestu könnunar á auðhringamyndun í sögu stofnunarinnar.

Fleiri tugir einstaklinga og fyrirtækja innan atvinnugreinar, sem framleiðir nauðsynlega bílaíhluti, hafa verið sakaðir um verðsamráð.

Þegar hafa 34 einstaklingar og 27 fyrirtæki játað sekt sína.

Ætlað er að gerendurnir muni greiða rúmlega 2,7 milljarða Bandaríkjadala, eða um 306 milljarða íslenskra króna, í skaðabætur. **-kóh**

# Nicorette fruitmint

## Mjúkt, bragðbætt nikótínlyfjatyggigúmmi




Auk þess að innihalda nikótín er Nicorette fruitmint bragðbætt með ávaxta- og mintubragði

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

**Nicorette lyfjatyggigúmmí 2 og 4 mg** (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gerfitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-F-2

Hvað þýða úrslit Evrópuþingskosninganna?

# Öfgaflokkar gegn Evrópusamruna

Flokkar sem eru andsnúnir Evrópusamstarfinu náðu víða góðum árangri í kosningunum til Evrópuþingsins um síðustu helgi. Með í pakkanum fylgdu ýmis sjónarmið einstakra flokka sem eru líklega heldur ógeðfelld fyrir smekk íslenzkra kjósenda, til dæmis daður við nazisma og fasisma, andúð á útlendingum og samkynhneigðum og gamaldags sýn á hlutverk kynjanna, að ekki sé talað um andstöðu við moskubyggingar. Það breytir ekki því að hefðbundnari og hófsamari flokkar, sem víðast hvar eru við völd í Evrópusambandsríkjunum, verða að taka mark á þeim skilaboðum sem kjósendur senda með því að greiða þessum flokkum atkvæði sitt.

Að stórum hluta útskýrir efnahagskreppa undanfarinna ára árangur lýðskrumsflokka í ESB-ríkjum. Að einhverju leyti hefur sambandið verið látið hafa fyrir rangri sök og því verið kennt um niðurskurð og aðhaldsaðgerðir sem voru óhjákvæmilegar vegna óstjórnar og eyðslu einstakra ríkisstjórna.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Að einhverju leyti skýrast úrslitin af því að almenningur er þreyttur á hefðbundnu flokkunum og gömlu stjórnmálaelítunni, sem nær illa til fólks. Það er vandi sem ekki er bundinn við ESB; við Íslendingar þekkjum hann til dæmis ágætlega.

Og svo fer ekki á milli mála að Evrópusambandið er í huga margra flókið, fjarlægt, óskilvirkt og kemur hagsmunum hins almenna kjósanda lítið við.

Þessi kosningaúrslit þýða að bæði hefðbundnir flokkar í aðildarríkjunum og stofnanir Evrópusambandsins þurfa að hugsa sinn gang. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, túlkar kosningaúrslitin þannig að þau styðji við hans eigin stefnu um að ekki eigi að ganga lengra á braut Evrópusamrunans, heldur þvert á móti snúa við og afhenda aðildarríkjunum aftur sumt af því valdi sem hefur verið fært til ESB.

Þótt hefðbundnari og hófsamari flokkar verði áfram ráðandi á Evrópuþinginu er mjög líklegt að velgengni flokka sem efast um gildi Evrópusamrunans hafi einmitt þessi áhrif; að ekki verði tekin stór stökk fram á við í samrunaþróuninni á næstu árum.

Gangi það eftir afsannar það kenningu margra efasemdamanna að Evrópuþingið skipti engu máli, hafi engin áhrif og þess vegna séu Evrópuþingskosningarnar líka húmbúkk. Raunar er dálítið skondið að sjá að sumir, sem hafa haldið slíkum sjónarmiðum fram, eru nú eftir helgina þeirrar skoðunar að þessar kosningar marki merk tímamót í sögu Evrópusambandsins. Þannig er það nú samt líklega; þessi kosningaúrslit munu breyta þróun sambandsins, að minnsta kosti um skeið. Og almenningur í ESB-ríkjunum hefur þá með lýðræðislegum hætti haft áhrif sem talsmenn margra lýðskrumsflokkanna halda fram að hann hafi alls ekki!

En hvað þýðir þetta fyrir umsóknarríkið Ísland? Væntanlega að hægt verður á þeirri samrunaþróun sem margir íslenzkir stjórnmálamenn óttast að leiði til þess að til verði evrópskt „sambandsríki“ eða „ofurríki“. Það út af fyrir sig myndi gera Evrópusambandið aðgengilegri kost fyrir marga Íslendinga, þótt sjálfsagt fagni fáir því að öfgasjónarmið af ýmsu tagi eignist fleiri fulltrúa á Evrópuþinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvað viljið þið í raun og veru?**
Sjálfstæðismenn í borginni hafa byggt kosningabaráttu sína meðal annars á gagnrýni á húsnæðisstefnu núverandi meirihluta og segja hana fjáraustur. Þrátt fyrir þetta er það hreinlega yfirlýst markmið sitjandi ríkisstjórnar að ráðast í íbúðabyggingaátak að hætti Breiðholtsins.

Það bendir því allt til þess að Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn þyki það snjallt að hið opinbera komi að byggingu íbúða á meðan sami flokkur í Reykjavík, með Halldór Halldórsson í broddi fylkingar, telur það ábyrgðarleysi og skrum. Svo er bara spurning hver hefur rétt fyrir sér.



**Konur til áhrifa fyrir 127 þúsund**
Frjáls verslun bauð áhrifamiklum íslenskum konum að kaupa viðtal við sig fyrir 127 þúsund krónur. Viðtölin eiga að birtast í árlegu kvennablaði Frjálsrar verslunar sem fer yfir það hverjar eru „Áhrifamestu konurnar 2014“. Á meðal þeirra sem fengu tilboðið var Ásthildur Sturludóttir, bæjarstýra Vesturbyggðar, en hún sagði frá því á Facebook-síðu sinni að sér dytti ekki í hug að kaupa umfjöllunina. Það eru nú líka flestir sammála um að það væri hámark hégómans að kaupa umfjöllun um sjálfan sig á glanspappír.

**Ekki jafn góð og Besti**
Seinni-breiðskífu-bölvunin er ekkert til að grínast með í tónlistarbransanum og margar hljómsveitir hafa fallið í gildruna eftir vel heppnaða frumraun.

Björt framtíð frumsýndi í gær nýtt kosningamyndband þar sem frambjóðendur syngja íslenska útgáfu lagsins We Built This City eftir bandarísku rokksveitina Starship. Það er vægt til orða tekið að segja að lagið nái ekki sama flugi og þegar Besti flokkurinn söng Við erum best við lag Tinu Turner fyrir fjórum árum síðan. Nú krossleggjum við fingur, fyrir Björn Blöndal og félaga, að allt kjörtímabilið verði ekki seinni-breiðskífubölvuninni að bráð.



snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fyrir almannahag

FJÁRMÁL



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

Þegar þingi lauk skriðu ýmsir ráðherrar ríkisstjórnarinnar út í birtuna með stórar yfirlýsingar um fyrirætlanir sínar. Heilbrigðisráðherra mætti í fréttir korteri eftir að stjórnarmeirihlutinn samþykkti að dreifa 80 milljörðum af opinberu fé í skuldaleiðréttingar og tilkynnti að selja yrði ríkiseignir til að byggja nýjan Landspítala. Hann minntist ekki einu orði á að á sínum tíma hefði Síminn verið seldur úr almanneign, meðal annars til að byggja nýjan spítala. Almenningur í landinu man hins vegar vel eftir því og spyr: Hversu oft á að selja nýjar og nýjar almanneignir til að byggja sama spítalann?

Næstur á svið var fjármálaráðherra sem viðraði áhuga sinn á því að selja hlut í Landsvirkjun; fyrirtæki sem í senn er gríðarmikilvægt fyrir þjóðarhag og mun líklega skila þjóðarbúinu talsverðum arði á næstu árum en heldur þar að auki utan um nýtingu sameiginlegra orkuauðlinda þjóðarinnar sem er mjög mikilvægt að lúti lýðræðislegri stjórn enda um hápólitískar ákvarðanir að ræða. Sem betur fer er að minnsta kosti einn ráðherra ósammála fjármálaráðherranum enda virðist hugmyndin fyrst og fremst sprottin úr pólitísku málsháttasafni Sjálfstæðisflokksins.

Þó að ráðherrarnir tali eins og þeim hafi dottið eitthvað firnasnjallt og óvænt í hug er einkavæðing á almannaeigum ekki ný af nálinni og almenningur fékk að kynnast afleiðingunum af síðasta einkavæðingarflippi í hruninu. Einkavæðingin hefur þó ekki verið bundin við ríkið því ýmis sveitarfélög hafa gengið mjög langt í að einkavæða almannaeigur, oftast undir stjórn Sjálfstæðisflokksins, og mörgum er enn í fersku minni REI-ævintýrið sem snerist um einkavæðingu á hluta Orkuveitu Reykjavíkur og fulltrúar allra annarra flokka en Vinstri-grænna virtust reiðubúnir að samþykkja.

Ég treysti á það að íslenskur almenningur mótmæli kröftuglega frekari einkavæðingu almannaeigna á viðkvæmum tímum þar sem máli skiptir að verja sameignina og komast saman í gegnum eftirhreytur efnahagshrunsins. Einkavæðing dregur úr áhrifum almennings á grunnþjónustu, getur veikt stöðu ríkisins og eykur ójöfnuð. Því skiptir máli að hafa öfluga fulltrúa á þingi og í sveitarstjórnum sem standa vörð um það sem við eigum sameiginlega. Því skiptir miklu að fulltrúar Vinstri-grænna fái sem víðast brautargengi í kosningunum á laugardaginn kemur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Á að afturkalla lóðir trúfélaga?

Nýr oddviti Framsóknar í Reykjavík, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, hefur nú lýst yfir þeirri afstöðu sinni að ekki beri að „úthluta lóðum undir hús eins og moskur eða kirkjur fyrir grísku rétttrúnaðarkirkjuna“. Hið „jákvæða“ við þessa dapurlegu yfirlýsingu er vissulega að Sveinbjörg vill ekki mismuna múslimum einum heldur einnig trúfélögum sem hún virðist telja of framandi á einn eða annan hátt. Hitt er ekki ljóst, hvar mismununin á að hefjast og hvar hún eigi að enda. Hugsanlega ber að skilja „röksemdina“ sem Sveinbjörg færir fyrir afstöðu sinni svo að einungis eigi að úthluta lúterskum söfnuðum lóðum fyrir kirkjur eða ígildi þeirra. Sé svo verður að afturkalla fjölda lóða. Þá hljóta ýmsar byggingar sem þegar hafa risið að valda vanda ef Sveinbjörg tæki nú við stjórn borgarinnar eftir kosningar.

**TRÚMÁL**



**Hjalti Hugason**
prófessor

Sjálf telur Sveinbjörg afstöðu sína ráðast af eigin reynslu og mikilli yfirsýn. Ekki skulu bornar brigður á það. Þó má vera að fleiri skýringar komi til greina eins og þjóðhverf stefna Framsóknarflokksins eða tilraunir til að ná með auðveldu móti atkvæðum þeirra mörgu sem lýst hafa sig andvíga mosku. Hjá Framsókn má finna eldri dæmi um einfaldan „popúlisma“.

### Hæpin röksemd

Sem guðfræðingur, áhugamaður um trúmálarétt í landinu og ekki síst vígður prestur í þjóðkirkjunni vil ég þó aðeins vara við og harma þá einu beinu röksemd sem Sveinbjörg færir fyrir útilokandi afstöðu sinni í trúarefnum sem felst í þjóðkirkjuskipaninni. En yfirlýsingin sem höfð hefur verið eftir Sveinbjörgu hljómar svo: „*Á meðan við erum með þjóðkirkju* eigum við ekki að úthluta lóðum undir hús eins og moskur eða kirkjur fyrir grísku rétttrúnaðarkirkjuna.“ (leturbr. HH).

### Hættulegt þjóðkirkjuskipaninni

Í þjóðkirkjuskipan felst eðli máls samkvæmt ýmiss konar mismunun sem hingað til hefur talist málefnaleg. Því hefur þjóðkirkjuskipan sem slík ekki verið talin brjóta í bága við mannréttindi.

Gæta þarf þess samt að mismununin sé sem minnst og skerði ekki lögvarinn rétt og frelsi annarra á trúmálasviðinu en það hlýtur stefna Sveinbjargar að gera hvort sem hún nú beinist aðeins gegn múslimum og orþódoxum eða öllum trúfélögum sem ekki eru lúthersk. Fyrir mitt leyti vara ég alvarlega við að þjóðkirkjuskipanin sé notuð sem rök gegn því að trúfélögum nýbúa í landinu sé meinað að njóta þess réttar sem þeim er veittur með stjórnarskrá lýðveldisins. Slík afstaða kemur fyrr eða síðar til með að binda enda á þjóðkirkjuskipanina sem mörgum er enn kær eins og dæmin sanna. Það virðist þó ekki endilega felast í afstöðu Sveinbjargar. Hún þyrfti þó e.t.v. að gera fyllri grein fyrir afstöðu sinni í því efni og helst fyrir kosningar. Eftir kosningarnar kynni það síður að verða áhugavert!

Þá hlýtur þjóðkirkjan að harma að hún skuli með þessum hætti vera dregin inn í pólitíska refskák í aðdraganda kosninga. – Eða hvað?

# Hjálp, þvagið mitt er blátt!

**HEILSA**

**Teitur Guðmundsson**
læknir



Það hlýtur að vera óþægileg tilfinning að horfa ofan í klósettið og sjá það verða öðruvísi á litinn en venjulega þegar maður er að kasta af sér vatni. Ég tala nú ekki um ef því fylgja miklir verkir og óþægindi sem gera alla þessa upplifun hálfu verri, jafnvel svo slæma að viðkomandi engist um af kvölum og þarf að leita aðstoðar á sjúkrahúsi. Eins og flestir vita er þvag undir eðlilegum kringumstæðum glær- eða gulleitt og því býsna augljóst að eitthvað er mögulega að breyti það verulega um lit. Hafi slíkt ekki gerst áður getur það valdið hálfgerðu áfalli hjá einstaklingnum og eðlilega vill hann komast að því hvað veldur sem allra fyrst.

Ýmsar mismunandi litabreytingar eru þekktar og sumar algengari en aðrar. Flestar þeirra eru sem betur fer býsna meinlausar og tímabundnar en það getur þó verið tilefni til þess að leita sér aðstoðar. Það kann þó að koma einhverjum á óvart að þvag geti nánast verið í öllum regnbogans litum. Þeir sem hafa svo sérstaklega gaman af þvagi og því hvernig það lítur út velta líka fyrir sér hvort það sé tært eða skýjað, gruggugt, botnfalli og svo framvegis. En það eru líklega fyrst og fremst heilbrigðisstéttir sem sýna þvagi svo gífurlegan áhuga. Það verður þó að segjast þeim til varnar að oft koma fyrstu einkenni sjúkdóma fram í þvagi og það er því nauðsynlegt að rýna það endrum og sinnum og jafnvel senda í ræktun.

### Regnboginn

Tökum þá aðeins fyrir regnbogann og byrjum á gulum sem er hinn eðlilegi litur, en hann getur líka orðið skærgulur og nánast sjálflýsandi við inntöku vítamína eins og B2 sem margir nota. Einhver leitaði á stofu og sagðist vera orðinn geislavirkur svo sterkur verður liturinn á stundum. Algengt er að litur dökkni og dýpki við litla vökvainntöku, en svo getum við séð appelsínugulan sem stafar af lyfjum, en líka mögulega vegna lifrar- og gallsjúkdóma. Matur eins og ber, rætur og rabarbari geta valdið bleikum lit. Ýmis lyf hafa áhrif og mynda til dæmis rautt þvag, þó er algengara að ástæðan sé blæðing og geta legið margvísleg vandamál því til grundvallar.

Þeir sjúkdómar sem valda blæðingum í þvagvegi eru fyrst og fremst nýrna- og þvagleiðarasteinar, sýkingar í nýrum, blöðru- og blöðruhálskirtli, bólgusjúkdómar hvers konar, auk krabbameina sem geta legið hvar sem er í raun og veru frá nýrum og að þvagrásaropi. Ættgengir sjúkdómar koma þarna stundum fram en eru sjaldgæf orsök hér en algengari í blökkumönnum til dæmis og svo auðvitað áverkar. Þá má ekki gleyma því að lyf geta ýtt undir blæðingu svo sem eins og blóðþynnandi efni, en líka sýkla- og krabbameinslyf. Að lokum má nefna að miklar æfingar og ofálag getur valdið blóði í þvagi.

Litarefni sem eru í mörgum matvælum, þar á meðal íþróttadrykkjum, geta gert þvag grænt eða blátt svo dæmi séu tekin, sum lyf hafa sömu eiginleika og er gott að vara sjúklingana við því svo þeir fái ekki áfall við slíka skyndilega og afgerandi litabreytingu. Sýkingar með ákveðnum tegundum sýkla valda grænum lit og þá er til arfgengur sjúkdómur sem veldur bláleitu þvagi, en hann er afar sjaldgæfur.

> Almenna reglan ætti að vera sú að leita sér aðstoðar ef viðvarandi eða veruleg breyting á sér stað…

Til að klára litina þá getur það verið brúnt vegna bæði lyfja og sjúkdóma. Það getur því verið að mörgu að hyggja þegar kemur að orsökum litabreytinga.

Almenna reglan ætti að vera sú að leita sér aðstoðar ef viðvarandi eða veruleg breyting á sér stað, en sérstaklega ætti rauður litur að vekja áhyggjur þar sem líklegast er að hann stafi af blæðingu sem nauðsynlegt er að átta sig á. Jafnvel þó þvag virðist hreinsa sig geta verið áframhaldandi smáblæðingar sem ekki sjást nema með ákveðinni rannsókn. Þeir, sem aftur á móti blæðir mikið, geta jafnvel orðið tepptir og ekki losað þar sem blóðið storknar í þvagvegunum. Flestir leita fljótlega til læknis en sérstaklega þeir sem fá mikla verki samfara blóðmigu eins og til dæmis við nýrnasteinakast. Ef þvagið er blátt er samt líklegast að það sé vegna litarefna og ólíklega alvarlegur sjúkdómur.

# Aukin tækifæri á 3ja æviskeiði

Í stefnu Samfylkingarinnar í Reykjavík: *Reykjavík – borg þar sem gott er að eldast* (sjá xsreykjavik.is) birtast mikilvæg viðhorf til aldurshópsins sem nálgast hefðbundin starfslok. Vísbendingar eru um fordóma í þeirra garð. Þannig sýnir ný könnun meistaranema við HÍ að allt frá 50 ára aldri mætir fólk neikvæðum viðhorfum á vinnumarkaði. Félagi minn 73 ára, vel menntaður með mikla alþjóðlega starfsreynslu, kallar þetta „nýjustu mismununina“.

**SAMFÉLAG**



**Margrét S. Björnsdóttir**
var formaður málefnahóps Samfylkingarinnar um efri árin, fyrir borgarstjórnarkosningar 2014

### Aldrei betur á sig komin

Þessi aldurshópur er við betri heilsu, með meiri menntun og fjölþættari reynslu en fyrri kynslóðir. Rannsóknir sýna að þó hægi á tilteknum hæfileikum með aldrinum, þá vegur uppsöfnuð reynsla og hæfni til að meta og setja hluti í samhengi það upp. Ný þýsk könnun sýnir að aldurshópurinn 65–74 ára á vinnumarkaði er ánægðari í starfi en yngri aldurshópar. Við hljótum að spyrja af hverju þeir sem vilja og geta megi ekki vinna lengur en til 67 eða 70 ára, aldursmörk sem voru skilgreind af Bismark á 19. öld. Auðvitað eru aðstæður fólks misjafnar, hið sama hentar ekki öllum. Sveigjanleiki og val eru lykilatriði. (Um þetta fjalla í forsíðugreinum nú í maí bæði tímaritin The Economist og Der Spiegel og nefna má að Árósar hafa fyrst sveitarfélaga í Danmörku stofnað sérstaka vinnumiðlun fyrir þennan aldurshóp: *en3karriere*.)

### Val um starfslok til 74 ára

Samfylkingin í Reykjavík mun beita sér fyrir tilraunaverkefni þar sem borgarstarfsmenn geti valið sveigjanleg starfslok frá 62–74 ára aldurs. Með þessu væri öðrum vinnuveitendum gefið mikilvægt fordæmi. Ekki er nauðsynlega að fólk haldi óbreyttri stöðu, heldur geti minnkað við sig, færst í ný störf, fengið nýja starfsþjálfun, sé þess kostur. Fólk heldur áunnum eftirlaunaréttindum, en efnahagslegur ávinningur yrði umtalsverður bæði fyrir einstaklinga og samfélag, þó það sé ekki aðalatriði hér.

### Fjölbreytt virkni á þriðja æviskeiði

Stefna Samfylkingarinnar, *Reykjavík – borg þar sem gott er að eldast*, tekur einnig til þess að borgin stuðli að virkara og innihaldsríkara lífi borgarbúa á þessu æviskeiði: Með fjölbreyttara frístundastarfi, auknum tækifærum til menntunar, heilsuræktar, menningarþátttöku og aukinna áhrifa með nýju Öldungaráði.

Sem fyrr leggur Samfylkingin að sjálfsögðu áherslu á að tryggja eldra fólki umönnun og stuðning þegar heilsan brestur, en vill með nýrri stefnumörkun stuðla að auknni virkni og áhrifum þess eins lengi og kostur er.

**Byggingarréttur til sölu**

**Tryggvagata 13 - lóð**


Hugmyndasamkeppni verður um útlit hússins.




**Reykjavíkurborg leitar eftir kauptilboðum á byggingarrétti** fyrir atvinnuhúsnæði og íbúðarhús við **Tryggvagötu 13**, á milli Grófarhúss og Hafnarhvols.

Á lóðinni, sem er um 842 m² að stærð, er heimilt samkvæmt deiliskipulagi að reisa 6 hæða hús allt að 5.240 m² að fyrir íbúðir, þjónustu, skrifstofur eða annan atvinnurekstur.

Tilboðum skal skilað á sérstöku tilboðsblaði fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 25. júní 2014 í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu innkaupadeildar, Borgartúni 12-14, kl. 10.00 þann 26. júní 2014.

**Útboðs- og úthlutunarskilmálar, tilboðsblað og nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/lodir-tryggvagata13**

**www.reykjavik.is/lodir**

# TÍMAMÓT

**ÞETTA GERÐIST** 28. MAÍ 1999

## Síðasta kvöldmáltíðin sýnd á ný

Á þessum degi árið 1999 lauk formlega endurbótum á einu frægasta listaverki allra tíma, Síðustu kvöldmáltíð Leonardos da Vinci. Verkið er freska sem máluð er á vegg í borðsal munkanna í klaustrinu Santa Maria delle Grazie í Mílanó.

Leonardo da Vinci málaði verkið á árunum 1495 til 1498. Dregur da Vinci upp þekkta mynd úr Biblíunni þar sem Jesús situr með lærisveinum sínum yfir síðustu kvöldmáltíðinni og lýsir því yfir að einn þeirra muni svíkja hann. Verkið lifði á veggnum fram á sextándu öld þegar skemmdir fóru að sjást á því. Hnignun þess var hröð og strax um miðja öldina var það talið rústir einar. Nokkrar tilraunir voru gerðar fyrr á öldum til viðgerða á verkinu en telja nú margir að þær hafi einungis gert illt verra.

Eftir seinni heimsstyrjöldina kom fram ný tækni sem gaf endurbótum á listaverkum nýja vídd. Tókst þá að stöðva skemmdir á Síðustu kvöldmáltíðinni þangað til árið 1980 þegar ráðist var í viðamiklar endurbætur á verkinu. Þeim lauk nítján árum síðar, eða 28. maí árið 1999.



---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**BENEDIKTU S. SIGMUNDSDÓTTUR**
**Árskógum 8, Reykjavík.**

**Arndís Jónsdóttir — Arnaldur Valgarðsson**
**Ragnheiður Jónsdóttir — Sigurgeir Steingrímsson**
**Sigrún Jónsdóttir — Stefán Magnússon**
**Björk Jónsdóttir — Kjartan Jóhannsson**
**Jóhanna Jónsdóttir — Bo Hedegaard-Knudsen**
**Sturla Þór Jónsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Móðir okkar,

**JÓNA GUÐBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR**
**frá Siglufirði,**

lést fimmtudaginn 22. maí.
Útför hennar fer fram í kyrrþey.

**Alda Aðalsteinsdóttir**
**Örlygur Kristfinnsson**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSKELL JÓNSSON**
**Þjóðbraut 1, Akranesi,**

lést sunnudaginn 18. maí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 28. maí kl. 14.00.

**Vigdís Björnsdóttir**
**Sigrún Áskelsdóttir — Þórir Ólafsson**
**Jón Áskelsson — Kristbjörg Antoníusardóttir**
**Nanna Þóra Áskelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær bróðir okkar,

**RAFN INGVARSSON**
**Steinholtsvegi 8, Eskifirði,**

lést á Dvalarheimili aldraðra Hulduhlíð, 19. maí sl. Hann verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju fimmtudaginn 29. maí nk. kl. 11.00.

**Sigurjón Guðni**
**Margrét Aðalbjörg**
**Eymar Yngvi**
**Eygló Halla**
**Kolbrún Ásta**
**Páll Geir og**
**Ómar Grétar**
**Ingvarsbörn**

---

✝



Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,

**AXEL BERGMANN SVAVARSSON**
**bílasali,**
**Vesturvangi 48, Hafnarfirði,**

sem varð bráðkvaddur á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 23. maí sl. verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Kolbrún Hauksdóttir**
**Árni Þór — Sandra Dís**
**Telma Björk — Gísli Örn**
**Anna Bergmann Guðbjörnsdóttir**
**Svavar Sigurðsson**
**Erna — Haukur**
**Pétur — Kolfinna**
**Benedikt — Snædís**
**Ragnhildur — Jón**
**barnabörn og systkinabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRN BJÖRNSSON**
**BUBBUR**
**fv. sjómaður,**
**Ísafirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þriðjudaginn 20. maí 2014. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 31. maí kl. 14.00.

**Guðný Elínborg Pálsdóttir**
**Sigrún Birgisdóttir — Ingvar Ísdal Sigurðsson**
**Sigurður Björnsson — Pálína Sinthu Björnsson**
**Elín Björk Björnsdóttir — Ingimundur Gestsson**
**Pálína Björnsdóttir — Þór Austmar**
**Guðbjörg Björnsdóttir — Guðmundur Helgi Albertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**GUNNAR FINNBOGASON**
**Smáraflöt 48, Garðabæ,**

er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að hans ósk. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Ingileif Ólafsdóttir**
**Sverre Gunnarsson Östergaard**
**Hildur Gunnarsdóttir**
**Elizabeth Gunnarsdóttir**
**Fanney Gunnarsdóttir**
**Dagný Gunnarsdóttir**
**Gunnar Finnbogi Gunnarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir og dóttir okkar,

**HRUND SIGURÐARDÓTTIR**
**sálfræðingur,**

lést þann 23. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 4. júní, klukkan 15.00.

**Aðalsteinn Ólafsson**
**Þorkell Ólafsson**
**Kristján Ólafsson**
**Sigurbjörn Már Aðalsteinsson**
**Bergmann Óli Aðalsteinsson**
**Ársól Ingveldur Aðalsteinsdóttir**
**Guðný Edda Magnúsdóttir**
**Sigurður R. Pétursson**
**og fjölskyldur okkar.**

---

✝



Dóttir mín, systir okkar og mágkona,

**INGIBJÖRG GUÐLAUG ARADÓTTIR**
**frá Klöpp, Sandgerði,**
**Hafnargötu 70, Keflavík,**

lést þann 15. maí á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Innilegar þakkir til starfsfólks deildarinnar fyrir einstakan hlýhug og umhyggju. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Erla Thorarensen**
**Einar Valgeir Arason — Karen Elizabeth Arason**
**Lína María Aradóttir — Ólafur E. Pálsson**
**Ari Haukur Arason — Anna María Hilmarsdóttir**
**Jón Örvar Arason — Eygló Eyjólfsdóttir**
**Viðar Arason — Unnur S. Óskarsdóttir**
**Hrannar Þór Arason — María Elfa Hauksdóttir**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

**GUÐNÝ INGIBJÖRG ÞORVALDSDÓTTIR**
**frá Eystra-Miðfelli,**
**síðast til heimilis á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 21. maí sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 30. maí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlega bent á að láta Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, eða Sjúkrahús Akraness njóta þess.

**Þorvaldur Valgarðsson — Valgerður Gísladóttir**
**Jón Valgarðsson — Heiðrún Sveinbjörnsdóttir**
**Jónína Erla Valgarðsdóttir**
**Elín Valgarðsdóttir — Bjarni Steinarsson**
**Valdís Inga Valgarðsdóttir — Sæmundur Víglundsson**
**Jóhanna Guðrún Valgarðsdóttir — Bragi Guðmundsson**
**Kristmundur Valgarðsson**
**Böðvar Þorvaldsson — Þórunn Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir samúð og vinsemd við andlát

**SVEINS BIRGIS RÖGNVALDSSONAR**

**Guðný Kristín Rögnvaldsdóttir**
**og fjölskylda.**

---

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, sonur, tengdasonur, mágur og bróðir,

**JÓN HÁKON ÁGÚSTSSON**

lést á Bíldudal fimmtudaginn 15. maí 2014. Útför fer fram frá Bíldudalskirkju fimmtudaginn 29. maí kl. 14.00.

**Guðbjörg J. Theódórs**
**Veronika Karen Jónsdóttir**
**Sylvía Björt Jónsdóttir**
**Kristjana Maja Jónsdóttir**
**Jóna Maja Jónsdóttir**
**Ragnheiður K. Benediktsdóttir, Jón Theódórs, systkini og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ÁRNADÓTTIR**
**Sporðagrunni 14,**

verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 28. maí nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Árni B. Stefánsson — Gunnhildur Stefánsdóttir**
**Ólafur M. Stefánsson — Kristín Pétursdóttir**
**Björg Stefánsdóttir — Sveinbjörn Garðarsson**
**Auður Stefánsdóttir — Ágúst Guðmundsson**
**Einar K. Stefánsson — Sigurlaug Guðrún Þórðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Bústaðavegi 97, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 24. maí.

**Ásgeir Magnússon**
**Guðmundur Ásgeirsson — Erna Reynisdóttir**
**Hörður Ásgeirsson — Lene Drejer Klith**
**Lóa Ásgeirsdóttir — Helge Stensland**
**Magnús Ingi Ásgeirsson — Margrét Baldursdóttir**
**Ingólfur Ásgeirsson — Unnur Sigurbjörg Eysteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁRNI S. HARALDSSON**
**Þórufelli 8, Reykjavík,**

lést 19. maí. Útförin fer fram í Garðakirkju þriðjudaginn 27. maí klukkan 13.00.

**Magni Árnason — Maria Christie Pálsdóttir**
**Björg Árnadóttir — Corrado Montipo**
**Óli Þór Árnason — Sara Mork**
**María Björg Magnadóttir, Heimir Árni Magnason,**
**Særún Ósk Magnadóttir**
**Erik Montipo, Martin Montipo**
**Ólivia Mork Óladóttir, Jónatan Mork Ólason,**
**Davíð Mork Ólason**



## GAMLIR FÓSTBRÆÐUR TAKA LAGIÐ

**Karlakórinn Gamlir Fóstbræður og Jónas Ingimundarson koma saman í Salnum í Kópavogi á fimmtudag, uppstigningardag, kl. 16. Kórinn leggur áherslu á að flytja gömul og góð karlakórslög. Stjórnandi kórsins er Árni Harðarson en Jónas Ingimundarson var um árabil stjórnandi hans.**








# NÝTT FRÁ BENECOS

**GENGUR VEL KYNNIR** *benecos-förðunarvörurnar sem hafa slegið í gegn og nú eru komnir ferskir litir fyrir sumarið. Benecos eru lífrænt vottaðar snyrtivörur á verði sem kemur þér skemmtilega á óvart!*

Fæðan sem við neytum hefur áhrif á heilsu okkar og það sama er að segja um snyrtivörur. Húðin er stærsta líffærið okkar og allt sem við setjum á hana getur farið út í blóðrásina og haft áhrif á líkamsstarfsemina.

„Staðreyndin er sú að sum innihaldsefni snyrtivara hafa fundist í krabbameinsæxlum og því er það mikilvægt nú sem aldrei fyrr að vera vel upplýst um innihaldsefni þeirra. Í mörgum snyrtivörum er að finna mikið af alls kyns aukaefnum sem geta verið varasöm og ættu í raun alls ekki að vera í vörum sem við berum á húðina," segir Elísabet Guðmundsdóttir, viðskiptastjóri snyrtivöru hjá Gengur vel.

**ENGIN EITUREFNI**

**Benecos** eru lífrænt vottaðar, náttúrulegar snyrtivörur. Fjölbreytt úrval förðunarvara **benecos** gerir það verkum að flestar konur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Augnskuggarnir hafa slegið í gegn og fjöldi nýrra lita er kominn fyrir sumarið. Evrópusambandið hefur nýlega samþykkt að banna 5 stærstu paraben-sameindirnar í snyrtivörum.

**Benecos** er án allra parabena, paraffíns, sílíkons, peg og óæskilegra litar- og ilmefna og hefur hlotið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá ÖKO TEST í Þýskalandi.



## ÆÐISLEGIR SUMARLITIR

Nú eru sumarlitirnir komnir í **benecos**-naglalökkunum. Naglalökkin þekja vel og eru einstaklega þægileg í notkun. Þau eru án fimm verstu eiturefnanna sem algeng eru í naglalökkum. Þau eru: Formaldehýð, túlen, ftalöt, kamfóra og kólófóníum.

## SÖLUSTAÐIR

***Benecos fæst í Heilsuhúsunum, Lifandi markaði, Garðsapóteki, Fjarðarkaupum, Radísu í Hafnarfirði, Systrasamlaginu, Heilsutorginu í Blómavali, Heilsuveri á Suðurlandsbraut, Snyrtistofunni Rán í Ólafsvík, Snyrtistofunni Öldu á Egilsstöðum, Snyrtistofu Valgerðar á Þórshöfn, heimkaup.is og tofa.is.***

## BENECOS

Nánari upplýsingar má nálgast á síðunni www.gengurvel.is og á Facebook-síðunni benecos – náttúruleg fegurð.


MEGA LAGERHREINSUN
ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG



- Buxur, galla og kvart á 5.000
- Pils á 5.000
- Kjólar og skokkar á 5.000
- Toppar og bolir á 3.000
- Skokkar á 3.000
- Troðfull 1.000 kr slá

FLASH
Við erum á Facebook
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



# LÉTTARI Í SPORI

*Í tilefni þess að maí er alþjóðlegur fótverndarmánuður stendur Félag íslenskra fótaaðgerðarfræðinga fyrir opnum fræðslufundi í þingsal 8 á Hótel Reykjavík Natura á morgun frá kl. 18 til 20.*

Fyrirlesarar á fræðslufundi Félags íslenskra fótaaðgerðarfræðinga á morgun eru húðsjúkdómalæknirinn Baldur Tumi Baldursson og hjúkrunarfræðingurinn Auður Ásgeirsdóttir. Baldur mun fjalla um húðsjúkdóma á fótum og áhrif omega-fitusýra og lýsis. Auður mun fræða gesti um zink-vafninga og áhrif þeirra á fætur.

Um hundrað félagsmenn eru í Félagi íslenskra fótaaðgerðarfræðinga. Flestir fótaaðgerðarfræðingar starfa á stofu en auk þess eru fótaaðgerðarfræðingar með aðstöðu inni á flestum öldrunarheimilum. Sumir komast því miður ekki í kynni við fótaaðgerðarfræðinga fyrr en þar, en flestir þyrftu að heimsækja þá miklu fyrr. Dæmi eru um að fólk hafi gengið um með mikil fótaóþægindi svo árum skiptir sem auðvelt hefði verið að laga.

Fótaaðgerðarfræðingar sinna meðal annars fólki með inngrónar eða þykkar neglur. Séu neglurnar þykkar eru þær þynntar með þar til gerðum borum. Neglurnar eru ávallt klipptar en séu þær mjög kúptar eru settar



**LÉTTIR** Heilbrigðir fætur létta lund.

á þær spangir svo þær haldist upp úr holdinu. Þá er unnið á líkþornum, siggi og sprungnum hælum. Auk þess sinna fótaaðgerðarfræðingar fræðslu og forvörnum.

Afar misjafnt er hversu oft fólk þarf að heimsækja fótaaðgerðarfræðing. Sumir koma einu sinni á ári en aðrir á sex vikna fresti. Margir eru ragir við að fara í fyrstu heimsóknina og skammast sín fyrir fætur sína. Er það algengara meðal karla en kvenna. Karlmenn þurfa þó ekki síður á fótaaðgerðum að halda en konur. Fótaaðgerðarfræðingar eru öllu vanir og sammála um að starfið sé afar gefandi. Oft tekst þeim að að fjarlægja óþægindi og flestir ganga léttari í spori út.









**SJÓNVARPSGLÁP** Þó að ávextir og grænmeti birtist oft í sænsku barnaþáttunum Bolibompa er þeir iðulega í bakgrunni. Líklegra er að orkuríkur og næringarsnauður matur birtist í forgrunni þáttanna.

# SKOÐAR MAT Í BARNAEFNI

**RANNSÓKN** *Steingerður Ólafsdóttir hefur hlotið styrk úr Lýðheilsusjóði til að skoða mat í barnaefni í íslensku sjónvarpi. Hún gerði svipaða rannsókn í Svíþjóð í tengslum við doktorsritgerð sína frá Gautaborgarháskóla.*

Steingerður varði doktorsritgerð sína í lýðheilsunæringarfræði frá Gautaborgarháskóla í apríl. Þar kannaði hún sambandið milli skjánotkunar ungra barna, mataræðis og holdafars þeirra, ásamt því að greina hvernig matur og drykkur kemur fyrir í barnaefni. Hún hlaut nýverið styrk úr Lýðheilsusjóði til að framkvæma svipaða greiningu á mat í barnaefni í íslensku sjónvarpi.

„Ég er ekki byrjuð á íslensku rannsókninni en mun byggja hana svipað upp og í Svíþjóð,“ segir Steingerður sem skoðaði barnaefnið Bolibompa í sænsku ríkissjónvarpi þar sem engar auglýsingar eru sýndar. „Bolibompa er umgjörð utan um ýmsa barnaþætti, bæði leikna þætti og teiknimyndir sem framleidd eru í Svíþjóð og víðar,“ lýsir Steingerður.

Í greiningu sinni skoðaði hún hversu oft matur og drykkur kom fyrir í þáttunum og í hvaða samhengi maturinn birtist. Það er hvort maturinn kom fram í tengslum við börn eða fullorðna og hvort maturinn birtist í bakgrunni eða forgrunni. „Ég skipti matnum í þrjá flokka; í fyrsta lagi orkuríkan og næringarsnauðan mat á borð við kökur, gosdrykki og sælgæti, í öðru lagi ávexti og grænmeti og í þriðja flokknum var allt annað.“

Þegar þessu var lokið gerði Steingerður könnun á því hver tengsl þessara flokka væru við hinar breyturnar.

„Niðurstaðan var sú að ávextir og grænmeti birtust oft í barnaefninu en oftar í bakgrunni en annar



**DOKTOR** Steingerður Ólafsdóttir mun kanna hvernig matur birtist í barnaefni í íslensku sjónvarpi. MYND/DANÍEL

matur. Fimmti hluti þess matar sem kom fyrir í barnaefninu var orkuríkur og næringarsnauður matur sem oft birtist í forgrunni og oftar með börnum en fullorðnum í samanburði við annan mat,“ segir Steingerður. Hún segir niðurstöðurnar geta vakið athygli á möguleikanum á að nýta sjónarmið heilsueflingar í framleiðslu barnaefnis.

Steingerður segir áhugavert að vita hvort svipaða niðurstöðu verði að fá í rannsókn sinni á barnaefni í íslensku sjónvarpi. ■solveig@365.is

F **FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# MÓTORHJÓL

ÞRIÐJUDAGUR **27. MAÍ 2014**



## Eins og nýtt

**Hilmar Lúthersson, Snigill númer 1, gerði upp illa farið hjól frá 1946.** **BLS. 2**

## Fjöldi gæðamerkja

**Reykjavík Motor Center er með umboð fyrir fjölda gæðamerkja. Í versluninni er meðal annars mikið úrval nýrra BMW-mótorhjóla.** **BLS. 3**

## Motocross – ung en vinsæl íþótt

**Yamaha-motocrosshjól fást í fjölbreyttu úrvali fyrir flesta aldurshópa hjá Arctic Trucks.** **BLS. 4**

# Matsles fær nýtt líf

Gamall draumur Hilmars Lútherssonar varð að veruleika þegar Birgir Guðnason færði honum illa farið flak Matsles 500 mótorhjóls frá 1946.

Fyrir tæpum aldarfjórðungi sá Hilmar Lúthersson mynd af illa förnu mótorhjóli af gerðinni Matsles 500, árgerð 1946. Hann falaðist eftir því við eigandann, Stefán Einarsson verktaka á Siglunesi, en sá vildi síður skilja við það og Hilmar gaf hjólið upp á bátinn.

Fjölmörgum árum síðar var Birgir Guðnason að vinna fyrir Stefán á Siglunesi. „Ég var að gera við ýmis tæki og tól fyrir Stefán enda erum við góðir vinir. Ég vissi af áhuga Hilmars á hjólinu og notaði því alls konar þumalskrúfur á Stefán til að fá hjólið,“ segir Birgir glettinn. Að endingu fór svo að Birgir fékk hjólið og hófst nú mikið ævintýri að koma því til byggða. „Ég sótti hjólið á Zodiac-gúmmíbát því út í Siglunes liggur enginn vegur. Fyrst þurfti þó að aka hjólinu í eldgömlum Pajero-jeppa yfir nesið endilangt til að koma því niður í fjöru. Þetta var heilmikið ferðalag sem gekk ekki áfallalaust enda bráðnaði mótorinn á miðjum firðinum. Þá var fengið annað stærra skip, hjólið híft upp í það og loks flutt á Siglufjörð. Þaðan var því síðan ekið á Selfoss til Hilmars,“ lýsir Birgir.

Hjólið var illa farið en Birgir þóttist fullviss um að ef einhver gæti gert það upp þá væri það Hilmar sem af flestum er kallaður Tæmerinn. Viðurnefnið er rekið til þess tíma þegar Sniglarnir voru stofnaðir. „Við kölluðum hann Old Timer því hann var mun eldri en við hinir,“ upplýsir Birgir en Hilmar hefur þann heiðurssess að vera Snigill númer 1.

„Hjólið var eiginlega ónýtt þegar ég fékk það og búið að skítmixa það á ýmsan hátt,“ segir Hilmar sem féllust þó ekki hendur þegar hann sá það. „Ég þekki til svona hjóla og hef gert upp nokkur slík,“ segir hann og var innan við ár að gera upp hjólið. Hann viðurkennir þó að erfitt sé orðið að fá varahluti í svona gamla fáka.



Hilmar á hinu fallega uppgerða Matsles 500 hjóli. MYND/TRYGGVI SIGURÐSSON


Fyrst þurfti að flytja hjólið í gömlum Pajero-jeppa niður í fjöru en þar var það sett í gúmmíbát.


Birgir Guðnason fór á gúmmíbát frá Siglufirði yfir á Siglunes til að sækja hjólið. Svo illa vildi til að mótorinn bræddi úr sér á miðri leið yfir fjörðinn.

„Ég þurfti að panta þá héðan og þaðan, til dæmis frá Ástralíu og Flórída.“

Matsles 500 mótorhjólið situr nú ásamt ófáum öðrum fallegum hjólum í bílskúr Hilmars á Selfossi. Inntur eftir því hversu mörg hjól sé þar að finna svarar Hilmar með semingi: „Ég er nú eins og hestamennirnir og þarf að telja til að vita það. Ég á fjögur eða fimm hjól sem eru svona gömul og stór en ætli ég eigi ekki um fimmtán hjól í allt.“

Upp á síðkastið hefur hann fengið aukinn áhuga á skellinöðrum. „Ætli ég sé ekki genginn í barndóm aftur,“ segir hann glaðlega en nýjasta verkefni Hilmars er Gizmo-skellinaðra. Þá keypti hann sér um daginn hjól frá Bretlandi eins og það sem hann byrjaði að aka á tólf ára gamall. „Ég byrjaði ungur að hjóla en síðan kom stórt hlé sem fór bæði í fjölskyldu og drykkju. Svo rann brennivínið af manni og þá tóku hjólin við aftur. Það voru ágætis skipti,“ segir Hilmar glettinn og bætir við að einu hömlurnar á þessu áhugamáli sé plássleysið í bílskúrnum. -sg

## MÓTORHJÓLAROKK

**Mótorhjól og** rokktónlist hafa löngum tengst sterkum böndum. Bíómyndin Easy Rider, sem frumsýnd var árið 1969, innsiglaði samband þeirra endanlega en hún skartaði nokkrum stórstjörnum þess tíma, meðal annars Jack Nicholson, Peter Fonda og Dennis Hopper, í leikstjórn þess síðastnefnda. Í kvikmyndinni, sem fylgir eftir tveimur mótorhjólaköppum á ferðalagi, hljóma mörg þekkt rokklög og tónlistarmenn.

**Upphaflega hafði** framleiðandi myndarinnar ætlað þeim félögum Crosby, Stills & Nash að semja tónlistina í kvikmyndinni. Þegar þeir hættu við voru ýmis þekkt og áður útgefin rokklög notuð, þar á meðal eitt helsta mótorhjólarokklag sögunnar, Born to Be Wild, með bandarísku rokksveitinni Steppenwolf. Lagið hljómar undir upphafsatriði myndarinnar, þegar Fonda og Hopper ríða fákum sínum eftir þjóðveginum, og er órjúfanlegur hluti þessarar áhrifamiklu bíómyndar. Lagið kom upphaflega út árið 1968 og náði 2. sæti á bandaríska smáskífulistanum. Það hefur síðan hljómað í mörgum vinsælum bíómyndum og sjónvarpsþáttum undanfarna áratugi.

## FRÆGIR Á MÓTORHJÓLUM

**Mörgum finnst** mótorhjól vera tákn um töffaraskap og virðist það vera almenna viðhorfið í Hollywood. Alla vega eru þeir þó nokkrir töffararnir sem þeysa um götur stjörnuborgarinnar á glæstum mótorfákum.

Engin Hollywood-stjarna hefur haft fleiri orð um ást sína á mótorhjólum en Tom Cruise. Kvikmyndastjarnan er meira að segja þekkt fyrir að hafa mætt á frumsýningar mynda sinna á einhverju fjölmargra hjóla sinna. Hann hefur líka skipulagt áhættuatriði tengd mótorhjólum í einhverjum myndum, til dæmis „Knight and Day“.

Brad Pitt hefur ef til vill ekki verið eins margorður um mótorhjólaástina og félagi hans, Cruise, en þeir virðast vera álíka áhugasamir um hjólin. Pitt sést oft á einu af mörgum mótorhjólum sínum en hann á safn fornra hjóla.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512- 5457
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

**Mótorhjólafólk!**
Frí póstsending um allt land
GOTT VERÐ!
Goretex fatnaðaður
Karl og kvennmanns jakkar
Boods
Hjálmar
TILBOÐSPAKKAR!
Verslunin KÓS
VERSLUNIN ER FLUTT
Laugavegi 86 • Rvk
S. 551 9044
ledur@ledur.is
www.ledur.is




**JHM Sport** er með varahluti, olíur, síur, dekk ofl. í götuhjól, enduróhjól, krosshjól og fjórhjól.
Fatnað fyrir allt hjólafólk, SHOEI, SWEEP, SIDI, Force Field hlífðarbúnað, Metzeler/Pirelli dekk ofl.
Áhersla lögð á góðar vörur á góðu verði.




**Mótorhjólasafnið**
Stórskemmtilegt safn, fullt af draumahjólum og flóttatækjum
Opnunartímar
Frá 1. júní: alla daga kl. 10-17
Mótorhjólasafn.is
Mótorhjólasafn Íslands
Krókeyri 2, Akureyri
sími 866 3500

# Gott úrval glæsilegra mótorhjóla

Einungis gæðamerki eru til sölu hjá **Reykjavík Motor Center**. Verslunin hefur umboð fyrir fjölda þekktra merkja og býður upp á glæsileg og vönduð hjól í sumar auk þess að bjóða upp á fjölbreytt úrval aukahluta fyrir öll hjól. Þjónustuverkstæði verslunarinnar sinnir öllum gerðum mótorhjóla og er vel útbúið varahlutum.

RMC
REYKJAVÍK MOTOR CENTER
*Íslenska mótorhjólabúðin*

Mótorhjólaverslunin Reykjavík Motor Center (RMC) hefur umboð fyrir fjölda þekktra gæðamerkja á Íslandi á borð við Piaggio-, Vespa-, Aprilia-, Moto Guzzi- og BMW-mótorhjól. Að sögn Eyþórs Örlygssonar, framkvæmdastjóra RMC, verður aðaláherslan í ár lögð á mikla breidd frá BMW þegar kemur að nýjum mótorhjólum, þó með áherslu á hina svokölluðu GS (möl/malbik) ferðahjólalínu sem hentar íslenskum aðstæðum best. „Fyrst ber að nefna BMW G650GS, sem er létt og meðfærilegt eins strokks 652 rsm hjól sem hentar byrjendum jafnt sem lengra komnum. Hjólið er í boði í tveimur útgáfum, G650 GS og G650 GS Sertao, en báðar útgáfurnar eru með ABS-hemlakerfi og hita í handföngum sem staðalbúnað. Helsti munurinn á þessum tveimur útgáfum er að Sertao-týpan er hærra hjól með meiri torfærueiginleika en báðar gerðir eru minnaprófshjól samkvæmt Samgöngustofu."

Næst nefnir Eyþór til sögunnar BMW F700GS og F800GS línuna sem eru millistór tveggja strokka 800 rsm ferðahjól sem fást í þremur útfærslum; F700GS, F800GS og F800GS Adventure. „F700/800GS-línan er að margra mati þau hjól sem henta íslenskum aðstæðum allra hjóla best. Þau eru jafnvíg á malarvegi og bundið slitlag en hafa jafnframt getu til að fara erfiðari hálendisvegi með þó nokkrum þægindum. Við höfum gantast með að F700/800GS-línan sé jepplingar mótorhjólanna. F700GS er með lægri sætishæð en flest önnur ferðahjól á markaði, F800GS er með meiri torfærueiginleika og F800GS Adventure sameinar meiri torfærueiginleika og þægindi á lengri ferðum. Nefna má að F700/800GS-hjólin koma með ríkulegum búnaði frá verksmiðjunni; ABS-hemlakerfi, spólvörn, hita í handföngum, akstursstölvu og rafstýrðri fjöðrun svo eitthvað sé nefnt."

### Mesti töffarinn

RMC hefur einnig til sölu toppinn í ferðahjólum sem er BMW R1200GS og ofurferðahjólið BMW R1200GS Adventure sem er að sögn Eyþórs eitt mesta tækniundur sem rúllað hefur á tveimur hjólum síðari ár. „BMW R1200GS er arftaki BMW R80G/S sem markaði upphaf stórra ferðahjóla í byrjun níunda áratugarins. R1200GS hefur sannað sig sem eitt albesta ferðahjól sem völ er á frá því það var fyrst kynnt til sögunnar árið 2003. Tíu árum síðar, eða árið 2013, kynnti BMW til sögunnar arftakann, R1200GS LC, sem er algjörlega endurhannaður frá grunni. Eina samlíkingin er drifskaftið og hinn einkennandi tveggja strokka boxermótor en þar endar samlíkingin. Hin nýju R1200GS og R1200GS Adventure eru að sönnu lúxusferðahjól með talsverða torfærueiginleika en um leið meiri þægindi og búnað en þekkst hefur í mótorhjólum af þessari gerð."



Harley-Davidson hjólin er stórglæsileg. MYND/GVA



Eyþór Örlygsson, framkvæmdastjóri RMC, situr á töffaranum R nineT. MYND/GVA

Búnaður sem fylgir hjólunum er meðal annars hæðarstillanleg vindhlíf, ABS-hemlar, spól- og skrikvörn, fullkomin akstursstölva, rafstýrð fjöðrun, hiti í handföngum, skriðstillir og stillanleg aksturskerfi eftir aðstæðum.

Önnur lína sem verslunin leggur mikla áherslu á í ár er að sögn Eyþórs einn mesti töffari sem sést hefur hin síðari ár, hið stórglæsilega R nineT. „Hjólið er eins og nafnið gefur til kynna hylling BMW til 90 ára sögu fyrirtækisins sem mótorhjólaframleiðanda. Það er í gömlum stíl með 1200 rsm, 110 hö og tveggja strokka boxervél en þó með öllum nútímabúnaði eins og ABS-hemlum, spólvörn, aksturstölvu og hita í handföngum. R nineT er framleitt í takmörkuðu upplagi og eingöngu sem árgerð 2014. Ársframleiðslan er uppseld á heimsvísu en við náðum að tryggja okkur þrjú eintök. Þetta frábæra hjól er hannað með einstaklingshyggju mótorhjólakappans í huga en með örfáum handtökum er hægt að breyta R nineT í svo kallaðan Café Racer eða Bobber."

### Gott verkstæði

RMC rekur þjónustuverkstæði sem er sérútbúið fyrir BMW, Harley-Davidson og þau merki sem falla undir Piaggio Group. „Þess utan þjónustum við allar gerðir bifhjóla og reynum að vera leiðandi í þjónustu við mótorhjólamenn og -konur. Ef við eigum ekki varahlutinn getum við yfirleitt útvegað hann með stuttum fyrirvara. Við erum með eina best búnu dekkja- og smurþjónustu landsins fyrir bifhjól og bjóðum dekk frá öllum helstu dekkjaframleiðendum heims. Við reynum að eiga dekk á lager fyrir sem flest götu- og ferðahjól en séu þau ekki til getum við oftast útvegað þau með mjög skömmum fyrirvara."



R1200GS Adventure-mótorhjólið er sannkallað tækniundur. MYND/GVA



RMC býður upp á gott þjónustuverkstæði fyrir nær allar gerðir bifhjóla. MYND/GVA

Eyþór segir verslunina vera leiðandi í þjónustu við hinn ört stækkandi hóp ferðahjóla. Auk þess bjóði hún upp á aukahluti og töskur á flestar gerðir ferðahjóla frá einum stærsta framleiðanda heims. „Við bjóðum einnig sérhannaðar vatnsheldar mótorhjólatöskur og poka frá Ortlieb og vatnshelda hanska og sokka frá SealSkins. Hjálma eigum við af flestum gerðum, meðal annars með innbyggðu sólgleri og Bluetooth-búnaði. Við reynum ávallt að vera með fjölbreytt úrval notaðra bifhjóla á verði sem hentar flestum í björtum og rúmgóðum sýningarsal okkar á Kleppsvegi í Reykjavík."

Nánari upplýsingar má finna á www.rmc.is og á Facebook-síðu verslunarinnar.



Mikið úrval aukahluta er á boðstólum í verslun RMC. MYND/GVA

# Ekki bara setið á rassinum og stýrt

Motocross er vinsæl íþrótt á Íslandi en áætlað er að um fimm þúsund manns stundi torfæruakstur af einhverju tagi hér á landi. Yamaha-motocross-hjól fást í fjölbreyttu úrvali fyrir flesta aldurshópa hjá Arctic Trucks en fyrirtækið styður einnig við bakið á Team Yamaha.

Motocross er frekar ung íþrótt á Íslandi en samt sem áður er fjöldi þeirra sem stunda hana mikill. Motocross-íþróttin er innan vébanda Mótorhjóla & snjósleðaíþróttasambands Íslands, MSÍ, og er það fimmta stærsta sérsambandið innan ÍSÍ. Um fimm þúsund iðkendur og keppendur eru skráðir innan MSÍ. „Í hverri keppni eru 90 til 140 keppendur á ráslínu,“ segir Sverrir Jónsson, liðstjóri Team Yamaha.

„Fjórtán einstaklingar munu keppa fyrir Team Yamaha í sumar og að öllum líkindum verður þetta eitt fjölmennasta liðið. Við erum með mjög efnilegt unglingalið en við gerum okkur vonir um að þeir Þorsteinn Helgi Sigurðsson og Óliver Örn Sverrisson berjist um titilinn í sumar í sínum flokki.

Svo er aðalfrétt ársins í sportinu sú að margfaldur Íslandsmeistari í motocrossi, Eyþór Reynisson, er kominn yfir í Team Yamaha frá Honda. Hann hefur verið einn besti ökumaður landsins síðustu fimm árin og hefur meðal annars vakið athygli á erlendri grundu þar sem hann hefur verið að keppa. Við bindum vonir við að hann standi uppi sem sigurvegari í lok sumars í sínum flokki.“

### Ný Yamaha-hjól uppseld strax

Sverrir segir fjölda þátttakenda í motocrossi vera að aukast en nokkur niðursveifla hafi orðið á árunum í kringum hrunið. „Íþróttin er mjög skattlögð og líklegast sú íþróttagrein sem er mest skattlögð af öllum þeim sem hér eru stundaðar. Auk þess að bera þó nokkur vörugjöld þurfum við líka að borga skatta og gjöld af bensíni sem renna til vegagerðar þó við notum ekki vegina og keppum í lokuðum brautum. Af þeim sökum fækkaði þeim sem stunda íþróttina nokkuð á þeim tíma vegna hækkandi verðlags. Nú hefur Arctic Trucks endurreist Team Yamaha en hjá þeim má fá fjölbreytt úrval Yamaha-motocrosshjóla fyrir flesta aldurshópa.“



Björk Erlingsdóttir á Yamaha YZ250F sem seldist upp áður en það kom til landsins. Björk keppir í kvennaflokki fyrir Team Yamaha en hún er fædd árið 1967.

Yamaha kom með ný hjól á markað í vor, bæði í 250cc (rúmsentimetrum) og í 450cc en þau heita Yamaha YZ250F og YZ450F. „Yamaha YZ250F hefur hvarvetna verið kosið eitt besta hjól ársins í helstu fjöl- og vefmiðlum heims. Það þykir afskaplega vel heppnuð smíði og það sem stendur upp úr er mótor, fjöðrun og léttleiki. Hjólið er uppselt hjá framleiðanda og er ófáanlegt í Evrópu vegna mikillar eftirspurnar. Öll hjól sem komu til landsins eru uppseld og seldust þau áður en þau komu til lands.“

### Ein erfiðasta íþróttin

Allir meðlimir Team Yamaha keppa bæði í enduro og motocrossi en helsti munurinn er sá að í motocrossi er keppt í afmarkaðri braut. „Í enduro er keyrt eftir slóðum og stígum en í motocrossi er keyrt hring eftir hring í lokaðri braut. Líf motocross-ökumannsins sem keppnismanns er ekki mjög langt því að líkamlega er þetta ein erfiðasta keppnisíþrótt sem til er. Fólk ímyndar sér að þetta sé ekkert mál, að það sé bara setið á rassinum og snúið upp á rör. Ég hef sjálfur verið í mörgum íþróttum og þetta er það langerfiðasta sem ég hef gert. Ég var í góðu formi þegar ég byrjaði en ég komst bara þrjá hringi lullandi í öðrum gír en menn fara allt upp í tuttugu hringi á fullum hraða í keppni og það í tvígang sama daginn,“ segir Sverrir og hlær.






Í Smáralind eru stæði fyrir sex bifhjól og hvetur Iðunn bifhjólafólk til að notfæra sér stæðin til að sýna þörfina í verki. MYND/IÐUNN ARNARSDÓTTIR

## *Bifhjólastæði í fyrsta sinn*

Bifhjólasamtök lýðveldisins, Sniglar, náðu nýverið þeim merka árangri að fá úthlutað fyrsta sérmerkta bifhjólastæðinu á Íslandi. Stæðið er tvöfalt og upphitað við verslunarmiðstöðina Smáralind og senn verða tekin í notkun bifhjólastæði í Kringlu, Aðalstræti og Skólastræti.

„Bifhjólastæði eru löngu tímabær á höfuðborgarsvæðinu því bifhjólum hefur fjölgað gríðarlega á undanförnum árum,“ segir Iðunn Arnarsdóttir í umferðarnefnd Snigla.

Hún segir æ fleiri nota bifhjól sem farartæki og að nú séu um 11 þúsund bifhjól á landinu, fyrir utan vespur og rafmagnsvespur.

„Margir eru smeykir við að leggja hjólum sínum í hefðbundin bílastæði, ekki síst ef bifreiðum er lagt sitt hvoru megin við hjólið. Þá lítur stæðið út fyrir að vera autt og aðvífandi bílar skella á hjólunum. Til að verja hjólin leggja menn þá frekar á gangstéttum en það stuðar svo gangandi vegfarendur og vitaskuld viljum við ekki pirra neinn.“

Ingunn segir bifhjólastæðin viðurkenningu á að bifhjól séu hluti af íslenskri umferðarmenningu þar sem öllum þarf að lynda saman.

„Eðlilega þurfa borgaryfirvöld svo að hagræða fyrir bifhjólafólk líkt og gert hefur verið fyrir reiðhjólafólk víða í borginni.“

Bifhjólastæðin eru sérmerkt skiltum sem Sniglar létu útbúa og vonast til að fari sem víðast. „Sniglar eru hagsmunasamtök bifhjólafólks um land allt og að sjálfsögðu eru stæðin fyrir allt bifhjólafólk, burtséð frá klúbbum eða félögum,“ segir Iðunn.

Lesendur eru hvattir til að hafa samband við stjórn Snigla ef þeir hafa hugmynd um hentuga staði fyrir bifhjólastæði, netfang er stjorn@sniglar.is.

## MERK UPPGÖTVUN

Ein merkasta uppgötvun sem gerð hefur verið í heiminum dag – Nýtt á Íslandi!
Frábært fyrir þá sem eru á 5:2 mataræðinu eða öðrum matarprógrömmum.




# FÆRRI KÍLÓ, MINNA UMMÁL MEÐ SPÍNAT EXTRAKT

**VITEX EHF KYNNIR** *Nýtt á Íslandi – Aptiless: Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð. Vísindaleg sönnun á virkni. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati. 100% náttúrulegt.*

Rannsóknir frá Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð sýna að Aptiless spínat extrakt er ekki bara frábært heilsufæði. Það getur líka hjálpað til við að fækka aukakílóunum með því að halda matarlystinni í skefjum. Við ljóstillífun plantna verður til efni í himnuskífum blaðgrænu sem heitir thylakoids og hefur áhrif á seddu og saðsemistilfinningu líkamans með því að senda hormónaboðefni til heilans um að nú sé hann sáttur.

Aptiless inniheldur spínatextrakt með hátt hlutfall af thylakoids. Hver skammtur (5 g) er á við fimm bolla af fersku spínati en athugið þó að annað spínat hefur ekki sömu áhrif á hungurtilfinninguna og Aptiless-spínatextrakt því meltingarvegur mannfólksins getur ekki brotið niður virka efnið thylakoids úr plöntufrumum í fersku spínati.

Thylakoids seinkar meltingu á fitu, svo öll þarmaflóran er virk í niðurbroti matarins. Í neðsta hluta þarmanna á sér stað boðefnaflutningur hormóna til heilans þar sem skilaboðum um seddu og saðsemi er komið á framfæri. Þegar við borðum, sérstaklega óholla og mikið unna fæðu, hefur líkaminn tilhneigingu til að nota aðeins efri hluta garnanna við meltinguna. Þaðan eru lykilhormón ekki send til heilans, eins og gerist í neðri hlutanum. Því langar okkur stöðugt í mat og við borðum milli mála. Vísindamenn Aptiless tala gjarnan um „atvinnulausa þarma“ í þessu sambandi og við stjórnun á matarlyst í nútímasamfélagi.

Aptiless er hrært út í vatn eða kaldan drykk að eigin vali og tekið inn með mat, (má einnig taka inn rétt fyrir mat, eða strax eftir mat). Mælt er með að taka einn skammt á dag, t.d. að morgni. Ef þurfa þykir eða í upphafi, má taka allt að þrjá skammta á dag eða með hverri máltíð.

Margar vísindalegar rannsóknir liggja að baki virkni Aptiless og hafa framleiðendur fengið viðurkenningu fyrir uppfinningu sína. Aukning er á sedduhormónunum CCK, GLP-1 og leptíni. Minna finnst af lystarhormóninu grelín. Insúlín, blóðþrýstingur og blóðfita mælast lægri. Þarmaflóran batnar og aukning er á orku.




Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð

## Vísindaleg sönnun á virkni

*Rannsóknir gerðar af Karólínska háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum.*

Þá er almenn vellíðan meiri eftir inntöku, sem gæti verið skýrð með því að efnið inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Hungurtilfinning minnkar umtalsvert allan daginn, jafnvel eftir fyrstu notkun. Löngun í mat milli mála minnkar, þar á meðal löngun í sykur, fitu og salt. Matarlyst minnkar um 20-35%. Löngun í óhollan mat minnkar um 65-90%. Auðveldara er að halda sig við þrjár máltíðir á dag og minna er borðað í hverri máltíð.

**Thylakoids:**
- Dregur úr hungri
- Eykur mettun
- Minnkar sykurlöngun
- Jafnar blóðsykur
- Lækkar blóðfitu, kólesteról og blóðþrýsting
- Minnkar ummál
- Fækkar aukakílóum
- Eykur orku
- Bætir þarmaflóru



**Frábært fyrir þá sem eru á 5:2 mataræðinu eða í öðrum matarprógrömmum.**

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir: Flest apótek og heilsubúðir. Umboð Vitex ehf.










# Betra blóðflæði

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide. SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Einkaleyfi Neogenis Labs á rauðrófukristall tryggir einstaka yfirburði og virkni af nitrite sem umbreytist í Nitric Oxide í líkamanum .*** Gott bragð ein teskeið blandað í vatn 100 ml sem jafngildir einni flösku 500 ml af rauðrófusafa. ***Varist eftirlíkingar.***




Umboð: vitex - www.superbeets.is Fæst í Apótekum og heilsubúðum



## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.210294. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec 4matic . Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.490.000. Rnr.210364.



OPEL Vectra elegance. Árgerð 2006, ekinn 133 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.250.000. Rnr.160934.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



Iveco Irisbus 50C 14 - 20 Manna Árgerð 2006, ekin 399þ.km. Mikið yfirfarinn bíll sem er á staðnum. Verð 4.390.000kr. Raðnúmer 155741. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

hjól.is
bestir í hjólum...

NÚ ER TÍMINN !!
Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!



Suzuki Intruder VS800 GL árg 2003 ek 6 þús míl Rnr.125046 Ásett verð 790 þús Gsm 7836365

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð kr. 188.900,- eigum einnig 2 gerðir 28" Borgarhjóla. Verð kr .168.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝTT SOMERSET**

ÚTSALA, Somerset Evolution E2, Sólarsella, Truma, Ísskápur, WC, heitt vatn ofl, Stórglæsilegt 12 feta Off Road fellihýsi, ATH 1 stk í boði, nýja útgáfan af Coleman, Verð aðeins 3.190.000kr, Er í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



M.BENZ A 180. Árgerð 2005, ekinn 136 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.590.000.Ný sprautaður flottur bíll Rnr.110806.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

100bilar.is
bílasala



**A-HÝSI!!**

Okkur vantar A-hýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Lexus árg 03 ekinn 160.000 Verð 1950,000 kr Toyota Rav árg 03 ekinn 110,000 Verð 950,000 Sími 869 1740



Hyundai Getz ,07 ek.100km. Sumar og vetrar dekk. Sk. ,15. V. 705 þús. S. 616 2597.



Opel Astra árg. 2001,5 gíra, ek.154 þ.km., 1.2L vél. S. 6162597.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



Kia Sorento ,05 diesel. Sjálfskiptur, ek. 205 þús, krókur, góður bíll. Verð 1.290 þús. gsm 8253132



Ford Transit Connect Ekinn 115 þús km. Árg:2004 Beinskiptur Verð: 990.000 Nánar á www.velamidstodin. is S:577-5757/6949999 magnusr@ velamidstodin.is

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS - VISALÁN**

JEEP CHEROKEE LAREDO 4X4 V6 árg'00 ek.200 þús km,ssk, jeppi í fínu standi! ásett verð 650 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% visalani í 36 man, s.841 8955



**TILBOÐ 350 ÞÚS - VÍSALÁN**

TOYOTA RAV4 árg 96 ek 180 þús, beinskiptur,4X4 ný tímareim, vel með farinn bíll á sett verð 490 þús TILBOÐ 350 ÞÚS möguleiki á 100% visa s.841 8955

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR - TILBOÐ!**

VW POLO 1,4 COMFORTLINE árg 2006 ek.132 þús, 5 dyra, beinskiptur, sk 15 ,nýleg tímareim, eyðir litlu, kastarar ofl. topp bíll sem lýtur mjög vel út, ásett verð 890 þús TILBOÐ 790 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Honda Shadow VN750C. Árg ,06 ekið 8000 Km á malbiki, með ýmsum aukahlutum. Eins og nýtt . Svart að lit .Verð KR 850 þús. Uppl. í s. 895-0093

## Reiðhjól




## Hjólhýsi



**2011 HOBBY 560 UL EXCELENT**

2 RÚM TIL SÖLU. Markisa, Loftpúðafjöðrun, Gerfihnatta móttakari grótgrind og fortjald. Mjög gott hús, lítið notað. Verð 4.150 milj. sími 8944708

## Fellihýsi




## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe

SAFT

## Bátar




## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.










## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Frí verkskoðun og tilboð. s.8919890 malarar@simnet.is

## Húsaviðhald




## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun






## Ýmislegt




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Árატuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ATVINNA Í BOÐI Á BLÖNDUÓSI**
Við leitum að ábyrgum og duglegum aðila til að sinna dreifingu á blöðum og tímaritum til heimila og fyrirtækja einn til tvo daga á viku á Blönduósi.
**Áhugasamir hafi samband við Dagnýju á netfangið dagny@postdreifing.is.**
**Póstdreifing**

Bakarameistarinn

**BÍLSTJÓRI / HELGAVINNA**
Vantar nú þegar helgarbílstjóra. Verður að vera stundvís, heiðarlegur og duglegur. Vinnutími frá kl. 5-12. Ekki yngri en 20 ára. Framtíðarvinna.
**Umsóknir sendist á: ottar@bakarameistarinn.is**

TMÍ

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem aukastarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl gefur Ágúst í 770-2277 og agust@tmi.is

Óska eftir mönnum vönum flísalagningu og múrviðgerðum. Áhugasamir hafið samband á stefangisli@yahoo.com

Starfsfólk óskast í þrif hjá ferðaþjónustu á Suðurlandi. www.horgsland.is Uppl. í s. 894 9249 & 487 6655

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kötturinn Músi er týndur (gulbröndóttur að lit). Músi er líklega í Fossvogsdal eða nágrenni hans, en býr í Lálandi 6. Hann er með merkta hálsól (nafn og símanúmer), auk eyrnamerkingar. Músi fór frá Lálandi 6 föstudaginn 23. maí. Vinsamlegast látið vita ef þið hafið séð Músa eða gulbröndóttan kött á ráfi í ykkar nágrenni með því að hringja í 690 5100 eða 553 5100. Með fyrirfram þökk.

## Tilkynningar

Hreinsa þakrennur, laga veggjakrot, laga ryð á þökum ofl. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## tilkynningar

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**SAMGÖNGUÁÆTLUN 2015-2026 OG FJARSKIPTAÁÆTLUN 2015-2026**

**Auglýsing um matslýsingu**

Í undirbúningi er gerð samgönguáætlunar 2015-2026 og fjarskiptaáætlunar 2015-2036. Áætlanirnar eru mótaðar á grundvelli stefnumörkunar innanríkisráðherra skv. lögum nr. 33/2008 um samgönguáætlun og lögum nr. 81/2003 um fjarskiptaáætlun í víðtæku samráði við almenning og hagsmunaaðila. Samgönguáætlun er háð lögum um umhverfismat áætlana. Ákveðið hefur verið að meta samtímis umhverfisáhrif fjarskiptaáætlunar.

Innanríkisráðuneytið kynnir hér með matslýsingu áætlananna með von um að sem flestir kynni sér efni hennar. Í matslýsingu er gert grein fyrir:
- Hvernig staðið verður að matsvinnunni.
- Hvað muni koma fram í umhverfisskýrslu.
- Hverjir séu helstu áhrifaþættir áætlananna.
- Hvaða umhverfisþættir kunna að verða fyrir áhrifum.
- Gögnum sem lögð verða til grundvallar.
- Matsspurningum og viðmiðum við mat á vægi og umfangi umhverfisáhrifa.

Matslýsingin er aðgengileg á heimasíðu Innanríkisráðuneytis, www.innanrikisraduneyti.is. Senda skal skriflegar athugasemdir eða ábendingar um matslýsingu með tölvupósti á netfangið samgongurad@irr.is fyrir 23. júní 2014. Innanríkisráðuneytið mun í kjölfarið taka saman yfirlit um athugasemdir og ábendingar sem berast og hvernig þær muni nýtast við gerð umhverfisskýrslu.

## útboð

# ÚTBOÐ
## EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDUM

**Garðabær auglýsir eftir tilboðum í umsjón og eftirlit með framkvæmdum við byggingu 2ja hæða viðbyggingar við Hofsstaðaskóla, Skólabraut 5 í Garðabæ, ásamt breytingum innandyra í núverandi skólabyggingu og frágangi aðliggjandi lóðar.**

Tilboð verktaka í bygginguna hafa verið opnuð og unnið er að gerð samnings um framkvæmdina. Framkvæmdakostnaður er áætlaður ríflega 400 milljónir króna.

Umsjón og eftirlit hefst við töku tilboðs og stendur yfir fram til loka verkefnis, ráðgerð lok framkvæmda eru 1. ágúst 2015.

Nánari upplýsingar um verkið og skilmála þess eru í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is frá og með miðvikudeginum 28. maí.

Tilboðum skal skilað eigi síðar en 12. júní 2014 kl. 11:00 á skrifstofu VSB Verkfræðistofu að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum bjóðendum sem þess óska.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

## fasteignir

**110 Reykjavík**
# Sandavað




### Glæsileg íbúð með útsýni allan hringinn



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Samtals að stærð 126,3 m²
Sér hannaðar allar innréttingar
Mikil lofthæð og innfeld lýsing
Útgengi út á svalir úr stofu og baðherbergi
Stæði í bílakjallara
Verð: **41,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## tilkynningar

# Aðalfundur Taflfélags Kópavogs
fer fram í húsnæði Skáksambands Íslands
að Faxafeni 12 í kvöld og hefst kl. 20.00.
Á dagskrá eru öll hefðbundin aðalfundarstörf.
*Stjórnin*

## atvinna

# Ræsting á tannlæknastofu
Óskum eftir ræstitækni á tannlæknastofu nálægt Hlemmi. Vinnutími getur hafist kl. 17:30 daglega. Starfið er laust frá 1. Júní n.k.

Vinsamlegast sendið inn umsóknir með símanúmeri og ferilská á netfangið kristin@kjalkar.is sem allra fyrst. Öllum umsóknum verður svarað.

vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð
og heilbrigðisþjónustu.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi




ÍSLENSKA /SIA PEN 69305 05.14



# STATTU MEÐ ÍSLENSKRI HÖNNUN

## FANSA
RAFHÆKKANLEGT SKRIFBORÐ

Tilboðsverð
160x80 cm: **97.763,-**





Hönnun: Valdimar Harðarson, arkítekt.

Rafhækkanlegu skrifborðin frá Fansa eru nú á sumartilboði hjá Pennanum. Láttu eftir þér íslenska hönnun á góðu verði og búðu þér enn betra vinnuumhverfi.

- Stærðir á lager: 160x80 cm, 180x80 cm og 200x80 cm.
- Aðrar stærðir fáanlegar. Burðargeta grindar 80 kg.
- Litir á grind eru silfurgrár (á lager), hvítur, svartur og króm.

Tilboðsverð á grind: 74.900,-. Önnur Fansa húsgögn eru með 20% afslætti út júní.

- Litir á borðplötum á lager: hvítur, eik og beyki.
- Aðrir litir fáanlegir.
- 5 ára ábyrgð.

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is




KL. 19:20
**Stóru málin**
Oddvitar allra framboða í 5 stærstu bæjum landsins mætast í sjónvarpssal á hverju kvöldi fram að kosningum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 20:25
**Anger Management**
Skemmtilegir gamanþættir með Charlie Sheen í aðalhlutverki.



KL. 20:50
**The Mentalist**
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem nú er orðinn ráðgjáfi hjá FBI.



KL. 21:35
**The Smoke**
Vönduð bresk þáttaröð frá framleiðendum Broadchurch.



GULL STÖÐIN | KL. 18:55
**Modern Family**
Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 20:30
**Pretty Little Liars**
Dramatískur þáttur um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | 4 | | 1 | | 9 | |
| | 5 | 9 | 6 | | 2 | | | |
| 6 | 7 | | 3 | | | | | |
| 5 | | 7 | | | | 2 | | |
| | 2 | | | | 9 | | 7 | |
| | | 3 | | | | 4 | | 8 |
| 1 | | | | | 3 | | | |
| | | 5 | 8 | | | | | |
| | | 2 | | 5 | | 6 | 4 | 1 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | | 2 | 6 | 9 |
| | 8 | | | | | | 7 | 1 |
| | | | 4 | 6 | | | 8 | |
| 4 | 7 | 2 | | | | 5 | | |
| | 5 | 9 | | | 2 | 6 | | |
| 6 | | | | 4 | 5 | | | |
| | | 4 | | 1 | 9 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | 2 | 4 | | | |
| 2 | | | | | | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 1 | | 9 | | | 5 | |
| | | | | | 7 | | | 2 |
| 7 | 8 | | | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | | | 4 | | | 1 |
| 1 | | | | 6 | 3 | | | |
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | | | 3 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 8 | 7 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 |
| 2 | 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 7 | 8 | 6 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 | 8 |
| 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 5 |
| 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 7 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 1 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 4 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 3 | 2 |
| 9 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 | 2 | 1 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 3 | 2 | 6 | 5 | 9 | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Þú ert valdalaus ef þú ert drottning þannig að ég myndi örugglega lækka mig í tign og fara að versla.“**

*Helena Bonham Carter*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** ólæti, **8.** harðæri, **9.** sarg, **11.** í röð, **12.** býsn, **14.** blossaljós, **16.** í röð, **17.** hjör, **18.** loga, **20.** gelt, **21.** kona.

**LÓÐRÉTT**
**1.** rifa, **3.** kusk, **4.** verkfæri, **5.** tímabils, **7.** hálsklútur, **10.** gljúfur, **13.** frostskemmd, **15.** lítill, **16.** er með, **19.** lést.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** at, **8.** óár, **9.** urg, **11.** rs, **12.** feikn, **14.** flass, **16.** hi, **17.** löm, **18.** eld, **20.** gá, **21.** flóð.

**LÓÐRÉTT: 1.** rauf, **3.** ló, **4.** járnsög, **5.** árs, **7.** trefill, **10.** gil, **13.** kal, **15.** smár, **16.** hef, **19.** dó.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.530) hafði svart gegn Þresti Þórhallssyni (2.437) í annarri umferð Íslandsmótsins í skák.

**Svartur á leik:**



**37. … Rf4! 38. Hxd8 Hxd8 39. Dxd8 Rgxh3+ 40. Bxh3 Dxh3!** (enn einfaldara en 40. … Dxd8). Hvítur gafst upp. Ákaflega hraustlega er teflt á Íslandsmótinu og ekkert um stutt jafntefli. Teflt er í Stúkunni við Kópavogsvöll. Allir velkomnir.

**www.skak.is** Frí í dag – fimmta umferð á morgun.

# ÓTRÚLEGT TILBOÐ

## HAGSTÆÐASTA 10" DUAL CORE SPJALDTÖLVA Í SÖGU TÖLVULISTANS !

**Höfum ákveðið að halda áfram með 5.000 króna aukaafsláttinn á vinsælustu spjaldtölvunni okkar. 10" skjár og sprækur A20 Allwinner Dual Core örgjörvi ásamt nýja Android 4.2 stýrikerfinu. Langlægsta verð sem við höfum náð á sambærilegri spjaldtölvu.**



A20 Dual-Core

Android 4.2 Jelly Bean

Google play

# SÉRSTAKT
## TILBOÐSVERÐ

# 14.990

## FULLT VERÐ 19.990

# UNITED
United TAB 1023

**Ný og endurhönnuð 10" United spjaldtölva með nýja A20 Dual Core örgjörvanum og Mali 400MP2 grafíkkjarna. 1GB DDR3 vinnsluminni og 8GB Flash minni sem hægt er að stækka um 32GB með SD minniskorti. Android 4.2 Jelly Bean stýrikerfið, myndavél að aftan og framan og HDMI tengi fyrir sjónvarpið.**

### Leiktæki fyrir börn og fullorðna
Spjaldtölvur eru einfaldar og þægilegar í notkun fyrir bæði börn og fullorðna. Hægt er að nálgast tugþúsundir ókeypis leikja og smáforrita, fara á netið, horfa á bíómyndir, hlusta á tónlist og lesa rafbækur.

### Android 4.2
Nýleg uppfærsla Android stýrikerfisins sem býður upp á nýja möguleika og skemmtilegri valmyndir. Nú er hægt að stofna fleiri notendur inn á eina tölvu þar sem hver getur búið til sitt svæði.

### Google Play
Aðgangur að þúsundum ókeypis og hagkvæmra smáforrita opnast með Google Play. Og með Android 4.2 þá fæst aðgangur að kröfuhörðustu smáforritunum.

### 8GB minni stækkanlegt í 40GB
Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

### Myndavél að framan og aftan
Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

### HDMI og USB
Með HDMI er hægt að tengja spjaldtölvuna í bestu gæðum við sjónvarp eða hljómtæki og USB tengi fyrir gagnamiðlun.

### Capacative fjölsnertiskjár
Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x600 punkta upplausn. 16:9 skjáhlutföll.

### 2 ára traust ábyrgð
Tölvulistinn hefur rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta í 20 ár.

### Létt og meðfærileg
Skemmtilega hönnuð með grárri bakhlíf og svartri framhlið. Þunn og vegur lítið þannig að auðvelt er að taka hana með sér hvert sem er á ferðina.

tl.is

## FRÁBÆR SPJALDTÖLVA FYRIR SUMARIÐ !




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

# MENNING

**LISTAHÁTÍÐ** Í DAG

**17.00 RIVER OF FUNDAMENT eftir Matthew Barney og Jonathan Bepler í Laugarásbíói.**

**Myndin er 6 klukkustundir að lengd. Hún er bönnuð áhorfendum innan 18 ára og er alls ekki fyrir viðkvæma.**

➔ RIVER OF FUNDAMENT er nýjasta verk bandaríska myndlistarmannsins **Matthews Barney**, unnið í samstarfi við Jonathan Bepler tónskáld. Kvikmyndin er róttæk endurskópun á skáldverki Normans Mailer, Ancient Evenings. Í RoF tvinnast saman frásagnarkvikmynd, lifandi gjörningar, skúlptúr og ópera byggð á sögu Mailers um egypska guði og hin sjö stig endurholdgunar. Inn í verkið er fléttuð frásögn af risi og falli bandaríska bílaiðnaðarins.

## Karólína í Reykjanesbæ



**KARÓLÍNA LÁRUSDÓTTIR**

Á sumarsýningu Listasafns Reykjanesbæjar, Dæmisögum úr sumarlandinu, er að finna úrval nýlegra olíumálverka eftir Karólínu Lárusdóttur, sem fengnar eru að láni frá einkaaðilum. Sérstök áhersla er lögð á stærri verk listakonunnar, sem að jafnaði eru ekki eins aðgengileg og minni málverk hennar, grafíkmyndir og vatnslitamyndir.

Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson, sem er höfundur bókar um Karólínu sem kom út á síðasta ári.

Dæmisögur úr Sumarlandinu verður opnuð í Duushúsum á uppstigningardag, 29. maí, klukkan 14.




LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

**Nanogen**

Hárvörur

Auka hárvöxt, þykkja og gefa fyllingu. Trefjar hylja skallabletti. Aukin vellíðan og meira sjálfsöryggi með góðri hárumhirðu.

**20% afsláttur**

*Gildir út maí*



**Börn og nútímasamfélag - Dagvistunarmál og samþætting atvinnu- og fjölskyldulífs**

**Opinn fundur á Hótel Reykjavík Natura, miðvikudaginn 29. maí kl. 8.30-10.00.**

Bandalag kvenna í Reykjavík í samstarfi við velferðarráðuneytið stendur fyrir opnum fundi um börn og nútímasamfélag. Fjallað verður um hvaða umhverfi við erum að skapa börnunum okkar, dagvistunarmál og samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

**Dagskrá:**

**Fundarstjóri: Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar**

| | |
|---|---|
| **08:30** | **Inngangsorð: Börn þurfa betri heim,** Margrét Pála Ólafsdóttir, fundarstjóri |
| **08:40** | **Kröfur samfélagsins til ungra barna** Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir, Miðstöð foreldra og barna og höfundur bókarinnar Árin sem enginn man |
| **09:00** | **Áhrif ytra umhverfis leikskólans á veruleika barna innan hans** Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri |
| **09:20** | **Samræming fjölskyldulífs og atvinnu og stytting vinnudagsins** Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og fulltrúi BSRB í vinnuhópi velferðarráðuneytisins um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu |
| **09:30 - 10:00** | Pallborðsumræður |

Í pallborðsumræðunum taka þátt ásamt fyrirlesurum, Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra, og Sveinn S. Kjartansson, formaður Félags foreldra leikskólabarna.

**Allar nánari upplýsingar á heimasíðu BKR, bkr.is**

Dagskrá fundarins var undirbúin í samstarfi við Miðstöð foreldra og barna, Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Félag dagforeldra, Félag foreldra leikskólabarna og Félag leikskólakennara. Fundurinn er styrktur af velferðarráðuneytinu.


# Hefði mátt yrkja betur inn í rýmið

LEIKLIST/TÓNLIST ★★★☆☆

**Wide Slumber**

Valgeir Sigurðsson og Sigríður Sunna Reynisdóttir í samstarfi við a.rawlings.

**FRUMSÝNING Í TJARNARBÍÓI 24. MAÍ**



**WIDE SLUMBER** „Í myndböndunum, sem voru einstaklega falleg, voru sterkar og áhrifamiklar myndir.“ MYND/ PIERRE-ALAIN GIRAUD

Tónleikhúsverkið Wide Slumber er afrakstur samvinnu Bedroom Community og VaVaVoom. Verkið er unnið upp úr ljóðabók Angelu Rawlings, Wide Slumber for Lepidopterists.

Angela Rawlings eða a.rawlings er kanadískt hljóðljóðskáld og listamaður sem starfar meðal annars á Íslandi. Angela er áhugaverður listamaður, sem vel sómir sér á Listahátíð.

Tónlist Valgeirs Sigurðssonar er orðin íslenskum leikhúsgestum að góðu kunn. Valgeir er gríðarlega spennandi tónlistarmaður og gaman verður að fylgjast áfram með honum. Tónlistin í verkinu er eitt aðalsmerki sýningarinnar, sem er á mörkum tónleika og leikhúss. Hún er kröftug, skemmtileg og epísk á köflum þar sem hljómsveitin, James McVinnie, Liam Byrne og Ólafur Björn Ólafsson, stóð sig með prýði. Söngvarar höfðu misjafnan stíl, en voru hver öðrum betri. Þá kom sviðsreynsla Ásgerðar Júníusdóttur henni vel. Á köflum var hrein unun að horfa á stílfærðar hreyfingar Ásgerðar og hlusta á hana.

Gallinn er kannski sá að þetta er mikil sýning með íburðarmikilli sviðsmynd, stórbrotinni ljósanotkun og myndböndum, sem hefðu mátt njóta sín svo miklu betur. Í myndböndunum, sem voru vel unnin og einstaklega falleg, voru sterkar og áhrifamiklar myndir sem áttu það þó til að kafna í ljósunum á of litlu sviði Tjarnarbíós.

Margt var fallegt og vel gert, en sýningin varð hálf kauðsk í svo ófullbúnum sal. Þarna hefði leikstjórinn mátt yrkja betur inn í rýmið. Meiri hreyfing hefði mátt vera á leikurum en sú kóreógrafía sem mátti sjá kom vel út. Einnig var fullmikið misræmi í leik, sem einnig hlýtur að skrifast á leikstjórnina. Þá heyrðist textinn illa, sem ef til vill á ekki að koma að sök, en truflaði undirritaða töluvert.

**Ólöf Skaftadóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Þegar á heildina er litið er Wide Slumber prýðissýning, sem var þess virði að sjá, en húsakynnin, sviðið og salurinn, sniðu henni of þröngan stakk.

# Ævintýraljómi og náttúrustemning

TÓNLIST ★★★★★

**Þriðja sinfónían**

Gustav Mahler

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS LÉK UNDIR STJÓRN OSMO VÄNSKÄ. EINSÖNGVARI: JAMIE BARTON. EINNIG KOMU FRAM VOX FEMINAE OG STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR UNDIR STJÓRN MARGRÉTAR PÁLMADÓTTUR. FÖSTUDAGUR 23. MAÍ Í ELDBORG, HÖRPU.**



**EINSÖNGVARINN** „Mezzósópraninn Jamie Barton söng einsöng og gerði það stórkostlega, röddin var þétt og hljómmikil, og túlkunin þrungin djúpri sannfæringu.“ MYND/NORDICPHOTOSGETTY

Það var sko enginn slagari sem var á dagskránni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Listahátíð á föstudagskvöldið. Heldur þriðja sinfónía Mahlers, sem er fyrir einsöngvara, tvo kóra og hljómsveit. Hún tekur næstum tvo klukkutíma og er magnaður skáldskapur í sex köflum.

Vafasamt er að fullyrða um hvað kaflarnir fjalla, enda er tónlist um eitthvað sem ekki er hægt að koma í orð. Fyrsti þátturinn er langlengstur, tekur næstum klukkutíma í flutningi. Hann einkennist af draumkenndri náttúrustemningu. Í fimmta kaflanum koma söngvarar til sögunnar, fyrst syngur mezzósópran um nóttina úr Svo mælti Zaraþústra eftir Nietszche, en síðan taka kórarnir við og syngja um himnaríki. Hinir kaflarnir eru líka um heiminn í kringum okkur, eftir því sem ég kemst næst. Sá síðasti er ofurhægur, en endar á þvílíkum vímukenndum hápunkti að það er engu líkt.

Náttúran hefur auðvitað annan tímaskala en maðurinn og þriðja sinfónía Mahlers er tvisvar sinnum lengri en venjuleg, stór sinfónía. Það merkilega er að á tónleikunum á föstudagskvöldið leiddist manni ekki eitt augnablik. Snilldin var þvílík að maður var bergnuminn allan tímann. Tónmál Mahlers er sérkennilegt, það er rómantískt án þess að vera yfirdrifið eða væmið, laglínurnar koma alltaf á óvart, raddsetningin er ávallt frumleg og yfir öllu er einhver ævintýraljómi og framandi andrúmsloft sem er óviðjafnanlegt.

Túlkun Osmo Vänskä var stórbrotin og lifandi og stjórnaði hann hljómsveitinni afar vel. Þar var margt einstaklega fallega leikið, og stóðu flestir hljóðfæraleikararnir sig frábærlega. Látum vera að málmblásturinn hafi ekki alltaf verið hreinn, það er varla hægt að ætlast til þess, svo mikið mæðir á hljóðfæraleikurunum í lengri tíma. Látum líka vera að einhver hafi rekið sig í míkrófón sem átti að vera slökkt á á viðkvæmu augnabliki í sinfóníunni. Það var sprenging sem maður hrökk við af. Þetta voru skuggar, örfáar snurður á annars fullkominni upplifun.

Mezzósópraninn Jamie Barton söng einsöng og gerði það stórkostlega, röddin var þétt og hljómmikil, og túlkunin þrungin djúpri sannfæringu. Vox feminae og Stúlknakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur stóðu sig líka prýðilega, heildarhljómurinn var hreinn og í góðu jafnvægi. Útkoman var tær snilld og maður gekk út í nóttina á eftir í sætri skáldavímu.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórfenglegur flutningur á þriðju sinfóníu Mahlers.




31. MAÍ - 3. JÚNÍ 2014

# FRUMKVÖÐLAR ERU FRAMTÍÐIN

STARTUP</ICELAND>2014

## 4 DAGA RÁÐSTEFNA UM SJÁLFBÆRA NÝSKÖPUN OG HUGMYNDIR UM UPPBYGGINGU ÍSLANDS TIL FRAMTÍÐAR

FRÍTT

### HACKATHON

**31. MAÍ – 1. JÚNÍ Í HR**

36 klst. vinnustofa þar sem hugmyndir eru þróaðar í teymum. Þema: 3D printing, Mobile and Wearable Computing.

**VERÐLAUN: $1000**

### RÁÐSTEFNA

**2. JÚNÍ Í HÖRPU**

Áhugaverðir fyrirlestrar um frumkvöðla-starfssemi og nýsköpun. Forseti Íslands og iðnaðarráðherra setja ráðstefnuna.

**15 VIRTIR FYRIRLESARAR**

### RÁÐGJÖF

**3. JÚNÍ Í HR**

Ráðstefnugestir geta bókað 20 mínútna persónuleg viðtöl við alla fyrirlesara ráðstefnunnar.

**INNBLÁSTUR OG LEIÐSÖGN**



**John Biggs**
Ritstjóri Techcrunch.com



**Bre Pettis**
Stofnandi Makerbot



**Sherwood Neiss**
Frumkvöðull ársins 2014 - E&Y



**Jennifer Lawton**
Stofnandi Makerbot



**Ben Kepes**
Frumkvöðull og fjárfestir

vib Frumtak EYRIR INVEST NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ICELANDAIR NASDAQ OMX icora partners HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR

www.startupiceland.com

LAUGARÁSBÍÓ Coca-Cola




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| X-MEN 3D | 5:30, 10:40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | 5:30, 8, 10:10 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | 8 | 12 |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 6 - 9 | 12 |
| GODZILLA VIP 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:15 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GODZILLA | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 6:50 - 9:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 10:10 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5 - 8 | 12 |
| GODZILLA | KL. 3D: 10:50 2D: 5 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 10:10 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D LÚXUS | KL. 5 - 10.45 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 3.20 - 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.50 - 8 - 10.25 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 3.30 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 10.10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VONARSTRÆTI | KL. 5.20 - 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 10 | 7 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.




**HAMINGJUSÖM HJÓN** Kim og Kanye giftu sig um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Brúðkaupsferð á Írlandi

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og rapparinn Kanye West giftu sig á Ítalíu á laugardaginn. Þau flugu með einkaþotu til Írlands eftir herlegheitin og lentu á flugvellinum í Cork á sunnudagseftirmiðdag.

Samkvæmt heimildum Daily Mail ætla þau að eyða fimm dögum á Írlandi á lúxushótelinu Castlemartyr sem er í hálftíma ökufjarlægð frá Cork. Fimm daga dvöl þar getur kostað allt að átta milljónir króna en á svæðinu er heilsulind, líkamsræktarstöð, golfvöllur, fjórir veitingastaðir og átta hundruð ára gamlar kastalarústir. -lkg

# Negri ferðast um Langanes

**BAKPANKAR**
Ólafar Skaftadóttur



**FRÆNDI** minn sem nú er að nálgast miðjan aldur var barn að aldri þegar Louis Armstrong heimsótti land og þjóð fyrir tæplega hálfri öld. Hann var í fylgd með foreldrum sínum og þau voru svo heppin að komast í návígi við stórstjörnuna í mannþrönginni fyrir tónleikana.

**LOUIS** veitti stráknum athygli og kjáði vinsamlega framan í hann og ávarpaði hann með hrjúfu og ljúfu röddinni sem heimsbyggðin hafði fallið fyrir. Barnið fór auðvitað að hágráta – enda hafði hann aldrei séð svartan mann, hvað þá orðið vitni að svona rödd. Áratug eða tveimur síðar var fyrirsögn í dagblaði sem hljómaði eitthvað á þessa leið: „Negri ferðast um Langanes.“ Það var stórfrétt.

**ÉG HELD** að hvorugt, viðbrögð barnsins við kjassi stórstjörnunnar né fréttin í blaðinu, hafi haft nokkurn skapaðan hlut með rasisma að gera. Þetta voru bara eðlileg viðbrögð við því óvenjulega í einsleitu samfélagi, sem var afar einangrað. Alveg eins og börn í afrískum þorpum fara gjarnan að gráta þegar hvítt fólk kjáir vinsamlega framan í þau. Kornabörn eru ekki rasistar.

**NÚ** er öldin önnur. Langflestir Íslendingar hafa hitt fólk af öllu mögulegu þjóðerni, enda býr hér fólk af öllu mögulegu þjóðerni. Flestir hafa ferðast um lönd og álfur og margir búið í útlöndum, ekki bara oddvitar stjórnmálaflokka. Svo er Ísland í alfaraleið og meira að segja lifir á því að fá til sín gesti. Þess vegna verður að gera þá kröfu að upplýst fólk hætti að draga fólk í dilka á grundvelli uppruna, trúarbragða, nú eða kynhneigðar. Það á að vera grundvallarregla í siðuðu samfélagi.

**VITASKULD** er misjafn sauður í mörgu fé. Það á við alls staðar – meðal kristinna, múslima, búddista, hindúa og trúlausra – hvítra, svartra, gulra og brúnna. Þrátt fyrir að Múhameð sé eitt algengasta skírnarnafn ungra drengja í nálægum löndum hefur glæpum fækkað – öfugt við það, sem örfáir háværir kreddukarlar – og -kerlingar – halda fram.

**VIÐ** kjósum ekki slíka þverhausa.

# Sannkölluð veisla í Cannes

Kvikmyndahátíðinni í Cannes lauk um helgina eftir ellefu daga af sannkallaðri bíóveislu. Gullpálminn sjálfur var afhentur á lokakvöldinu og var Winter Sleep valin úr hópi átján kvikmynda í samkeppninni um styttuna.



**DROTTNINGIN** Sophia Loren ljómaði á dreglinum.



**EILÍFÐARTÖFFARI** Leikarinn Michael Madsen lét sig ekki vanta.

## HELSTU SIGURVEGARAR Í CANNES

★ **Kvikmyndin Winter Sleep hlaut Gullpálmann í ár en leikstjóri hennar er Tyrkinn Nuri Bilge Ceylan. Myndin var sú lengsta í keppninni um verðlaunin, þrír tímar og sextán mínútur.**

★ **Bennett Miller hlaut verðlaun fyrir leikstjórn fyrir myndina Foxcatcher.**

★ **Tvær myndir hlutu dómnefndarverðlaunin, annars vegar Mommy eftir Xavier Dolan og hins vegar Goodbye to Language eftir Jean-Luc Godard.**

★ **Leikarinn Timothy Spall fékk verðlaun fyrir hlutverk sitt í Mr. Turner.**

★ **Leikkonan Julianne Moore hlaut verðlaun fyrir hlutverk sitt í Maps to the Stars.**



**ÁSTFANGIN** Leikarinn Adrien Brody og kærasta hans, Lara Lieto, voru mjög innileg á rauða dreglinum.



**HVÍTKLÆDD Í CANNES** Fyrirsætan Natasha Poly klæddist fallegum síðkjól og bar við hann skart frá Chopard.



**TIGNARLEG** Leikkonan Paz Vega stórglæsileg í kjól frá Ralph & Russo.



**DÚNDUR DÚÓ** Leikstjórinn Quentin Tarantino og leikkonan Uma Thurman voru í Cannes til að fagna tuttugu ára afmæli myndarinnar Pulp Fiction.


BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

## OPINN DAGUR Á ÁSBRÚ

# KARNIVAL

F–15 þotur fljúga yfir svæðið

29. MAÍ, KL. 13.00–16.00

## ATLANTIC

### KARNIVALSTEMNING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Andlitsmálning

**OPIÐ HÚS Í SPORTHÚSINU**



**Pollapönk** syngur kl. 14.30
**Sirkus Íslands** skemmtir kl. 15.15
**US Airforce** verður með bás og flýgur yfir karnivalið á F–14 þotum sínum
**Ávaxtakarfan** flytur atriði
**Draugahús.** Þorir þú að kíkja?
**Andlitsmálning**

**Prauta- og leikjabásar**
**Hoppukastalar**
**Vatnsgusan**
**Fjölbreyttir matarbásar**
**Fáðu mynd** af þér með Obama
**Frjáls félagasamtök** verða með skemmtibása
**Bryn Ballett Akademían** sýnir dans

## KARNIVAL

Á tímum Varnarliðsins héldu íbúar árlegt KARNIVAL í fjáröflunarskyni. Íslendingar voru þá boðnir velkomnir í fjörið og gátu keypt amerískar vörur og tekið þátt í skemmtilegum karnivalleikjum. Nú höldum við á Ásbrú KARNIVAL með svipuðu sniði og bjóðum alla velkomna að skemmta sér og sínum.



Villi Vísindamaður

## CHILI-KEPPNI

Fyrirtæki keppa um besta chili á Íslandi.
Skráning á keppni@asbru.is

## OPIN KEPPNI UM BESTU PIE-UNA

Epla-pie, berja-pie og opinn flokkur.
Nánar á www.asbru.is. Skráning á keppni@asbru.is

### KEILIR

Kynntu þér fjölbreytt námsframboð Keilis, s.s. Háskólabrú, einkaþjálfun, flugnám, flugvirkjun, tæknifræði og ævintýraferðaleiðsögn.

### ELDEY

Opnar vinnustofur í frumkvöðlasetrinu, þrívíddarprentari og handverkssýning. Boðið upp á amerískt nammi; kísil-kandífloss og kísilvatn. Lifandi tónlist og létt stemning.

## KEILIR

### LIFANDI OG SKEMMTILEG DAGSKRÁ

**Kynningar og örfyrirlestrar** um skólastarfið
**Skúffukaka** í boði Menu
**Stærstu róbótar landsins** teikna myndir
**Villi Vísindamaður** verður með tilraunir kl. 13.30
**Bryn Ballett Akademían** sýnir dans
**Tónlistaratriði**
**Flughermir**
**Nammiflokkarinn**

**SIRKUS ÍSLANDS skemmtir**



**Ath. vinsamlegast skiljið hunda og önnur dýr eftir örugg heima.**

KARNIVAL ★ ÁVAXTAKARFAN ★ HOPPUKASTALAR ★ DRAUGAHÚS ★ SIRKUS ★ POLLAPÖNK ★ CHILI&PIE-KEPPNI ★ ANDLITSMÁLUN ★ SKEMMTIBÁSAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 140797

**Opinn dagur**

Opinn dagur á Ásbrú er haldinn árlega. Landsmenn allir eru hvattir til að koma og kynna sér starfsemina á svæðinu. Að deginum standa **Kadeco**, **Keilir** og **Háskólavellir** í samstarfi við bandaríska sendiráðið á Íslandi.

ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.
**Nánari upplýsingar á www.asbru.is.**



# SPORT

**HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU**
**16 DAGAR** Í FYRSTA LEIK



Argentínumaðurinn Gabriel Batistuta er eini leikmaðurinn í sögu úrslitakeppni HM sem hefur náð að skora þrennu í tveimur heimsmeistarakeppnum.

Batistuta skoraði þrennu í sigri á Grikkjum í fyrsta leik Argentínu á HM í Bandaríkjunum 1994 og skoraði síðan þrennu í 5-0 sigri á Jamaíku á HM í Frakklandi fjórum árum síðar.

Batistuta er jafnframt einn af þeim fjórum leikmönnum sem hafa skorað flestar þrennur í úrslitakeppni HM (tvær) en hinir eru Sándor Kocsis (með Ungverjalandi á HM 1954), Just Fontaine (með Frakklandi á HM 1958) og Gerd Müller (með Vestur-Þýskalandi á HM 1970).

## Blikar unnu Kópavogsslaginn



**BIKAR-BLIKAR** Andri Geir Alexandersson, miðvörður HK, tekur hraustlega á Elfari Árna Aðalsteinssyni, framherja Blika, í Kórnum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Jordan Halsman reyndist hetja Breiðabliks sem vann nágranna sína í HK, 2-1, í 32 liða úrslitum Borgunarbikars karla í fótbolta í gærkvöldi. Hann skoraði sigurmarkið tíu mínútum fyrir leikslok en HK-ingar höfðu skömmu áður jafnað leikinn í 1-1. Sjö leikir fara fram í Borgunarbikarnum í dag en þar má nefna viðureign Fram og KA á velli Framara í Úlfarsárdal. - tom

**visir.is**
Frekari umfjöllun um leikinn.



**HEIMLEIÐ?** Þórir gæti spilað í Olís-deildinni næsta vetur FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Hljóta að geta notað mig

**HANDBOLTI** „Það var algjörlega frábært að enda þetta svona. Ég gat ekki beðið um það mikið betra,“ segir Þórir Ólafsson en hann varð pólskur meistari um síðustu helgi með Kielce og yfirgefur því félagið á besta mögulega hátt. Þetta var þriðja árið í röð sem Þórir verður meistari.

Framtíðin er aftur á móti í óvissu hjá hornamanninum snjalla. Hann er samningslaus og ef ekkert breytist þá er hann á leið heim.

„Það eru einhverjar smá þreifingar í gangi en ekkert sem hægt er að treysta á núna. Næstu fjórir dagar munu örugglega skera úr um það hvort ég fer eitthvert annað eða kem heim,“ segir Þórir. Hann á hús á Selfossi en ef hann ákveður að spila í bænum þá ætlar hann að leigja húsið áfram.

„Þetta er leiðinleg óvissa sem ég er í en svona er þetta. Það er ekki alltaf að vísan að róa. Það er ekkert að því að koma heim og spila þar. Ég lít alls ekki neikvætt á það,“ segir hornamaðurinn sem er að klára sitt níunda ár í atvinnumennskunni.

Fram undan eru landsliðsverkefni hjá Þóri. Eftir það stefnir hann á að fara í samningaviðræður við félög hér heima ef ekkert annað kemur upp.

„Allt tekur enda og það hlýtur að vera eitthvert lið heima sem hefur not fyrir mig,“ segir Þórir Ólafsson hógvær en þó svo hann sé að verða 35 ára er hann enn að spila frábærlega og á nóg inni. - hbg

# Vildi ólmur taka fyrsta vítið

Kári Árnason og félagar í Rotherham tryggðu sér sæti í ensku B-deildinni með sigri á Leyton Orient eftir vítaspyrnukeppni á Wembley. Framtíðin er í óvissu hjá landsliðsmanninum en samningur hans við Rotherham rennur út í sumar. Hann segir að það séu þreifingar í gangi með framtíðarmál sín í boltanum.



**FÖGNUÐUR** Kári og félagar tapa sér hreinlega af gleði eftir að hafa unnið vítaspyrnukeppnina á Wembley. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** „Þetta gat ekki endað betur, við fengum á okkur klaufaleg mörk í fyrri hálfleik þar sem við gerðum einföld mistök í vörninni en við náðum að snúa þessu okkur í hag í seinni,“ sagði Kári Árnason, miðvörður Rotherham United og íslenska landsliðsins, ánægður í samtali við blaðamann í gær.

Alls var 43.401 manns á pöllunum á hinum glæsilega Wembley á sunnudaginn, þar á meðal nánustu ættingjar Kára, og fengu þeir að fagna með sínum manni. „Það eru ekki margir Íslendingar sem hafa náð að lyfta bikar á Wembley þótt þetta sé neðrideildarbikar.

Völlurinn var frábær og umgjörðin í kring um þetta gerði þetta að einstakri lífsreynslu,“ sagði Kári. Úrslitin réðust ekki fyrr en í vítaspyrnukeppni þar sem okkar maður fékk ekki að spreyta sig.

„Það er algjör skandall að ég var ekki númer eitt að taka vítaspyrnuna. Ég vildi taka fyrsta vítið. Hann setti mig númer sex, hann treysti ekki hafsentinum sínum. Við skulum segja að hann hafi treyst á mig þegar allt var undir,“ sagði Kári léttur.

### Stærsta stundin á ferlinum

Kári vann tvöfalt í Svíþjóð, sænsku úrvalsdeildina og sænska bikarinn, með Djurgården árið 2005 en sigurinn á sunnudaginn var honum sætari.

„Þetta var skemmtilegra, það er allt miklu stærra og meira hérna í Englandi og betur fylgst með fótboltanum. Þetta er búið að vera ótrúlega langt tímabil, einhverjir ellefu mánuðir þar sem við spilum eitthvað um sextíu leiki og gott að enda þetta á þennan hátt. Það eru tveir leikir fram undan og svo bíður verðskulduð hvíld. Ég neita því ekki að maður er svolítið lúinn,“ sagði Kári sem missir af fagnaðarlátum liðsins vegna leikja sem eru fram undan með íslenska landsliðinu.

„Það er opin rúta sem keyrir um stórbæinn Rotherham og það verður örugglega góð stemning rétt eins og í gær.“

### Tvær deildir á tveimur árum

Árangur Rotherham undanfarin tvö ár er stórkostlegur en liðið fór upp um tvær deildir á tveimur árum undir stjórn Steves Evans.

„Ég vissi þegar ég kom til liðsins að þetta væri möguleiki, Steve fékk aðallega til sín leikmenn sem hafa verið í kringum Championship deildina og hefur liðið lítið breyst á milli ára. Við erum ekkert besta fótboltalið í heimi en við gefumst aldrei upp. Við lentum oft undir á tímabilinu en náðum oftast að snúa þessu okkur í hag. Það var í raun merkilegt hvað andinn í hópnum skilaði okkur langt,“ sagði Kári sem verður samningslaus í sumar.

Undanfarnar vikur hefur einbeitingin verið á leikjunum sem fram undan voru og hefur hann lítið hugsað út í hvað framtíðin ber í skauti sér.

„Ég fæ að vita ef eitthvað gerist og ég veit að það eru einhverjar þreifingar búnar að vera í gangi en ekkert eitthvað sem ég er tilbúinn að greina frá að svo stöddu. Mér líður vel hér en það er aldrei að vita hvað gerist í framtíðinni. Gengi liðsins undanfarna mánuði hefur verið mikil lyftistöng fyrir félagið og fyrir samfélagið í Rotherham. Það er gaman að allir eru að fylgjast með liðinu, það er kominn nýr völlur og vonandi getur þetta hjálpað liðinu aftur upp í fyrri hæðir,“ sagði Kári Árnason kampakátur.

kristinnpall@365.is


Þú færð landslagsráðgjöf og garðlausnir hjá okkur





Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja garðinn þinn.

Graníthellur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Skoðaðu úrvalið á www.steypustodin.is

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is




## Gamli góði
20 BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.



3.330 kr.

## Eðalbakki
20 BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.



3.330 kr.

## Tortilla veislubakki
30 BITAR

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.



3.660 kr.

## Tortilla ostabakki
30 BITAR

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.



3.660 kr.

## Lúxusbakki
20 BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



3.330 kr.

## Tortilla heilsubakki
30 BITAR

Heilhveititortilla, hummus, paprika, salatmix. Heilhveiti-tortilla, reyktur lax, salatmix, rjómaostur. Tómattortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, lauksósa.



3.660 kr.

## Ávaxtabakki
10 MANNS

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.490 kr.

## Pítubakki
24 BITAR

Tikka masala kjúklingur og íssalat / Reykt skinka, eggja- og íssalat.



3.330 kr.

## Kökubakki
24 BITAR

Eplakaka / Súkkulaðikaka / Gulrótarkaka.



2.990 kr.

**Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.**

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi? Viltu hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum upp á ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum og kökum og jafnvel ávöxtum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru **4** bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en **kl. 15:30** daginn fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI

Ferskt á hverjum degi



# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.50
**The Mentalist**
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Á sama tíma og hann aðstoðar lögregluna við ýmis mál er hann sjálfur að eltast við raðmorðingjann Red John sem myrti eiginkonu hans og dóttur.



### Surviving Jack
**STÖÐ 2 KL. 20.05** Glæný gamansería um mann á miðjum aldri. Eiginkona hans er á leið í háskólanám og hann tekur að sér að vera heima og sjá um uppeldi unglinganna á heimilinu.



### NBA: OKC – San Antonio
**STÖÐ 2 SPORT KL. 01.00** Stöð 2 Sport verður með beina útsendingu frá leik Oklahoma og San Antonio í NBA-deildinni í nótt.



### Hart of Dixie
**STÖÐ 3 KL. 19.45** Rachel Bilson leikur ungan lækni og stórborgarstúlku sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðru vísi en hún á að venjast.

### Bylgjan kl. 16
**Reykjavík síðdegis**
Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.







**Oddvitakappræður**

Snörp og beinskeytt umræða, Lóa Pind Aldísardóttir og Heimir Már Pétursson stýra kappræðunum.
Oddvitar allra framboða í 5 stærstu bæjum landsins mætast í sjónvarpssal á Stöð 2 kl. 19:20 á hverju kvöldi fram að kosningum.
**Í kvöld mætast framboðin í Hafnarfirði í beinni útsendingu.**

365.IS


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In The Middle** *(4:22)*
**08.30** **Extreme Makeover. Home Edition** *(10:26)*
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6366:6821)*
**09.35** **Doctors** *(160:175)*
**10.15** **The Wonder Years** *(10:24)*
**10.40** **The Middle** *(3:24)*
**11.05** **Flipping Out** *(9:11)*
**11.50** **The Kennedys** *(7:8)*
**13.00** **The X-Factor US** *(22:26)*
**13.50** **In Treatment** *(26:28)*
**14.20** **Covert Affairs** *(9:16)*
**15.05** **Sjáðu**
**15.35** **Scooby-Doo!**
**16.25** **Mike & Molly** *(16:23)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(18:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6366:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(2:22)*
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stóru málin**
**20.05** **Surviving Jack** *(7:8)*
**20.25** **Anger Management** *(9:22)*
**20.50** **The Mentalist** *(22:22)*
**21.35** **The Smoke** *(8:8)*
**22.20** **Veep** *(4:10)*
**22.50** **Daily Show. Global Edition**
**23.15** **Grey's Anatomy** *(24:24)*
**00.00** **Believe** *(9:13)*
**00.45** **Falcón** *(3:4)*
**01.30** **Crossing Lines** *(9:10)*
**02.20** **Fringe** *(9:22)*
**03.05** **Burn Notice** *(17:18)*
**05.25** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Miami - Indiana**
**12.40** **Sevilla - Benfica**
**15.25** **Ölli**
**16.30** **Miami - Indiana**
**18.20** **Gummersbach - RN Löwen**
**19.40** **Þýsku mörkin**
**20.10** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.40** **Keflavík - FH**
**01.00** **Oklahoma - San Antonio** Bein útsending.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.20** **Football League Show 2013/14**
**12.50** **Premier League World**
**13.20** **Bosnia, Salvador, Iran** HM 2014
**13.50** **Messan**
**15.15** **Sunderland - Liverpool**
**16.55** **Tony Adams**
**17.25** **Goals of the Season 2013/2014**
**18.20** **Tottenham - Stoke**
**20.00** **Arsenal - Tottenham - 29.10.08**
**20.30** **Stoke - Tottenham**
**22.10** **Football League Show 2013/14**
**22.40** **Liverpool - Newcastle**
**00.20** **PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** 433 Boltinn í nýju ljósi á ÍNN
**21.30** Gönguleiðir

## STÖÐ 3

**17.50** **Junior Masterchef Australia**
**18.35** **Baby Daddy**
**19.00** **Grand Designs**
**19.45** **Hart Of Dixie**
**20.30** **Pretty Little Liars** *(14:25)*
**21.15** **Nikita** *(15:22)*
**21.55** **Southland**
**22.40** **Revolution**
**23.25** **Arrow**
**00.05** **Tomorrow People**
**00.45** **Grand Designs**
**01.30** **Hart Of Dixie**
**02.15** **Pretty Little Liars**
**03.00** **Nikita**
**03.45** **Southland**
**04.30** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Lukku-Láki **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær *(9/18)* **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Lukku-Láki **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Tommi og Jenni **13.51** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær *(9/18)* **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Lukku-Láki **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Tommi og Jenni **17.51** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær *(9/18)* **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Skógardýrið Húgó **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.40** **Strákarnir**
**18.10** **Friends**
**18.30** **Seinfeld**
**18.55** **Modern Family**
**19.20** **Two and a Half Men**
**19.45** **Veggfóður**
**20.25** **Borgarilmur** *(3:8)*
**21.00** **The Killing** *(5:13)*
**21.45** **Rita**
**22.30** **Lærkevej**
**23.15** **Chuck**
**23.55** **Cold Case**
**00.40** **Veggfóður**
**01.20** **Borgarilmur**
**01.55** **The Killing**
**02.40** **Rita**
**03.25** **Lærkevej**
**04.10** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**10.35** **My Cousin Vinny**
**12.35** **What to Expect When You are Expecting**
**14.25** **Dumb and Dumber**
**16.15** **My Cousin Vinny**
**18.15** **What to Expect When You are Expecting**
**20.05** **Dumb and Dumber**
**22.00** **Rock of Ages**
**00.05** **The Dark Knight Rises**
**02.45** **Special Forces**
**04.35** **Rock of Ages**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Músahús Mikka** *(16:26)*
**17.40** **Violetta** *(7:26)*
**18.25** **Táknmálsfréttir**
**18.35** **Melissa og Joey**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir 19.40 Kastljós**
**20.10** **Leiðin á HM í Brasilíu** *(14:16)*
**20.40** **Castle** *(18:23)*
**21.25** **Nýsköpun - Íslensk vísindi III** *(4:8)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Úr launsátri** *(6:6) (Hit and Miss)*
**23.05** **Víkingarnir** *(2:9) (The Vikings) (e)*
**23.50** **Kastljós**
**00.15** **Fréttir** *(e)*
**00.25** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(15:16)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.05** **Million Dollar Listing** *(3:9)*
**16.50** **In Plain Sight** *(3:8)*
**17.30** **Secret Street Crew** *(3:6)*
**18.15** **Dr. Phil**
**18.55** **Top Chef** *(9:15)*
**19.40** **Everybody Loves Raymond** *(16:16)*
**20.05** **The Millers** *(20:23)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar óhamingju.
**20.30** **Design Star** *(6:9)* Tólf efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Kynnir þáttanna er sigurvegarinn í fyrstu þáttaröðinni, David Bromstad, og honum til halds og trausts eru dómararnir Vern Yip og Genevieve Gorder.
**21.15** **The Good Wife** *(16:22)* Pessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Það er þokkadísin Julianna Marguilies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum.
**22.00** **Elementary** *(21:24)*
**22.45** **Málið** *(8:13)*
**23.15** **Royal Pains** *(6:16)*
**00.00** **Scandal** *(18:22)*
**00.45** **Elementary** *(21:24)*
**01.30** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**21.00** Dutch League - Highlights 2014 *(15:25)*

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 *(1:4)*
**11.00** Golfing World 2014
**11.50** European Tour 2014
**16.50** Champions Tour 2014
**17.45** PGA Tour 2014 - Highlights
**18.40** Golfing World 2014
**19.30** PGA Tour 2014
**22.30** PGA Tour 2014
**23.25** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# SNJALLSÍMAR

## KAZAM – HTC – LG






KAZAM

Einfaldir og ódýrir snjallsímar sem allir taka 2 símakort, eru með Dual Core eða Quad Core örgjörvum og fást með 3,5“-5,5“ skjá.

htc

Fyrir þá sem vilja aðeins það besta. Nýji HTC One M8 er kominn. Hágæða myndavél. Mögnuð rafhlöðuending. Frábær skjár. Ótrúlegur vinnsluhraði. Lofaður af fagtímaritum.







LG

LG er einn stærsti farsímaframleiðandi heims og samhliða að bjóða sjónvörp með bognum OLED skjá þá má einnig fá boginn OLED skjá í flaggskipinu þeirra G Flex.

## 15% KYNNINGARAFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM FARSÍMUM TIL 6. JÚNÍ

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

## BÍÓMYNDIN



**Langar að segja að uppáhaldsmyndin mín sé einhver framúrstefnuleg frönsk nýbylgjumynd frá 7. áratugnum en verð að viðurkenna að ég hef enga mynd séð jafn oft og This is Spinal Tap, bæði drepfyndin og snertir mann líka á einhvern furðulegan og fallegan hátt.**

Hannes Óli Ágústsson, leikari

# Sneri upp á handlegg pólitíkusa

Fréttaljósmyndarinn Geirix fangar nýjar hliðar á stjórnmálamönnum og -konum.

„Ég er svo viðkvæm sál, ég er farinn að svitna," segir Ásgeir Ásgeirsson, betur þekktur sem fréttaljósmyndarinn Geirix hjá PressPhotos, en hann opnar sína fyrstu einkasýningu, Á nærfötunum: Hin hliðin á íslenskum stjórnmálum, í Tjarnarbíói klukkan sex í dag. „Maður er búinn að sanka að sér myndum í gegnum tíðina sem passar ekki að hafa í fréttum, svona húmorsatvik sem gerast bak við tjöldin. Og vegna þess að það eru kosningar þá var hugsunin að hafa smá húmor, létta fólki lundina og leyfa því að brosa," segir Ásgeir.

Aðspurður hvort ekki hefði verið erfitt að fá pólitíkusana til að taka þátt sagðist Ásgeir ekki hafa gefið þeim neitt val. „Ég sneri upp á handlegginn á þeim og fékk að lokum leyfi frá þeim til að sýna þessar óvanalegu myndir," segir Ásgeir og hlær. „Raunveruleikinn er oft skondnari en fólk sér í fréttum."

**Maður er búinn að sanka að sér myndum í gegnum tíðina sem passar ekki að hafa í fréttum**

*Ásgeir Ásgeirsson, ljósmyndari*

S. Björn Blöndal, borgarstjóraefni Bjartrar framtíðar, og frambjóðendur Pírata munu formlega opna sýninguna með því að afhjúpa einstakar myndir af sér, þar sem þau sýna á sér nýjar og óvæntar hliðar. „Ég býst við því að þurfa að fela mig undir pilsfaldinum á vertinum þegar borgarstjóraefnin koma hlaupandi á eftir mér," segir Ásgeir að lokum. -ósk



**EIN MYNDANNA Á SÝNINGUNNI** Geirix hefur náð mörgum skemmtilegum myndum gegnum árin sem ekki hafa passað í fréttir. MYND/GEIR

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt
Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 60%

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr
Allt að 75%

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.
Allt að 40%

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.
Allt að 55%

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 14-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17



**KOMIN Í LOFTIÐ** Bloggsíðan Femme.is er farin í loftið en á vefnum verður samansafn af áhugamálum sex ungra kvenna. Á myndinni má sjá þær Söru Dögg Guðjónsdóttur, Mörtu Rún Ársælsdóttur, Eddu Gunnlaugsdóttur og Söru Sjöfn Grettisdóttur.

# Sameina áhugamálin á vefsíðunni Femme

Á bloggsíðunni Femme.is ætla sex ungar konur að fjalla um áhugamál sín á borð við tísku, matargerð, menningu og innanhússhönnun í bland við smá innsýn í persónulegt líf þeirra en þær eru búsettar víðs vegar um heiminn.

„Hver og einn bloggari mun einblína svolítið á sitt eigið en vefsíðan verður samansafn af tísku, innanhússhönnun, lífsstíl, mat og menningu, með smá innsýn í persónulega lífið," segir Sylvía Dagmar Briem Friðjónsdóttir, en Sylvía er í hópi sex bloggara sem stofnað hafa bloggið Femme.is. Stúlkurnar koma víða að og segir Sylvía að fjölbreytileikinn verði allsráðandi. „Ég hef sjálf verið að þjálfa á Dale Carnegie, hef unnið mikið með fólki og verð því með áhugaverð viðtöl við fólk og fleira skemmtilegt. Alexandra Helga mun birta alls konar uppskriftir, bæði hollar og óhollar, Marta Rún verður með umfjöllun um mat og menningu, Sara Dögg er innanhússarkitekt og mun taka púlsinn á því sem er að gerast í þeim bransanum, Edda mun koma inn á tísku og listir og Sara Sjöfn er mikil áhugamanneskja um hönnun og ætlar að veita innsýn í hönnunarheiminn." Edda Gunnlaugsdóttir bloggar einnig á síðunni en hún segir undirbúningsferlið hafa verið stórskemmtilegt. „Við komum allar úr mismunandi áttum og erum með mismunandi áhugamál. Sumar höfðu verið að blogga áður en aðrar höfðu mikinn áhuga á því að byrja að skrifa og á fyrsta fundi kom okkur öllum ótrúlega vel saman." Sylvía segir að bloggheimurinn hér á landi hafi sótt í sig veðrið undanfarin ár. „Það eru gríðarlega mörg blogg að spretta upp núna sem er alveg ótrúlega skemmtilegt. Fólk í dag er mikið í tölvunni og því er gaman að geta skoðað eitthvert skemmtilegt lesefni á vefnum."

**Sumar höfðu verið að blogga áður en aðrar höfðu mikinn áhuga á því að byrja að skrifa og á fyrsta fundi kom okkur öllum ótrúlega vel saman.**

*Edda Gunnlaugsdóttir*

kristjana@frettabladid.is

# Tvífari Davids Beckham

„Það hefur enginn tekið feil á okkur enn þá," segir Sigurður Örn Einarsson.

„Mér hefur verið líkt við svo mikið af fólki að ég hef ekki spáð mikið í þessu," segir hinn 25 ára gamli Sigurður Örn Einarsson. Hann þykir vera sláandi líkur knattspyrnugoðinu David Beckham þó hann sé talsvert yngri en David sem verður fertugur á næsta ári. Sigurður tekur sjálfur ekki eftir þessum líkindum.

„Mér finnst ég ekki vera neitt sérstaklega líkur honum en það er betra að vera líkt við Beckham en til dæmis Bill Murray," segir hann og hlær.

„Ég hef heyrt þetta frá nokkrum upp á síðkastið sem ég þekki ekki neitt. Í síðustu viku voru held ég þrír sem líktu mér við Beckham," segir Sigurður en tekur fram að enginn hafi ruglast á þeim tveimur.

„Ég virði kallinn enda er hann goðsögn. En það hefur enginn tekið feil á okkur enn þá. Ef það gerist spila ég með. En mér hefur líka verið líkt við James Franco og í síðustu viku var mér líkt við Ryan Gosling. Ég hef fengið að heyra að ég líti út fyrir að vera hvaðan sem er eða ekki neins staðar frá," segir Sigurður glaður í bragði. - lkg





**SLÁANDI LÍKIR** Á þessum tveimur myndum sést hve líkir Sigurður og Beckham eru. MYND/ÚR EINKASAFNI


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflétttan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Komust á toppinn

Sjónvarpskokkurinn og dagskrárgerðarkonan **Friðrika Hjördís Geirsdóttir**, betur þekkt sem Rikka, kleif Hvannadalshnjúk um helgina. Rikka fór ásamt kærasta sínum, Skúla Mogensen, forstjóra WOW air, í fjallgönguna upp á hæsta tind landsins vopnuð ísöxum og mannbroddum. Rikka hefur undanfarinn vetur verið iðin við að prufa hinar ýmsu íþróttir á borð við köfun, hjólreiðar og útihlaup í heilsuþáttunum Léttir sprettir og hefur því líklega farið létt með það að komast á toppinn í fylgd með góðu föruneyti. **- áp**



### Úr Vonarstræti í auglýsingar

Leikstjórinn **Baldvin Z** hefur verið ráðinn sem auglýsingaleikstjóri hjá framleiðslufyrirtækinu Sagafilm. Frægðarsól Baldvins hefur verið afar hátt á lofti síðan kvikmynd hans Vonarstræti var frumsýnd fyrir stuttu. Hefur hún hlotið glimrandi dóma og hafa margir gefið Baldvini viðurnefnið Baltasar Z með vísan í leikstjórann Baltasar Kormák sem hefur átt góðu gengi að fagna vestan hafs að undanförnu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Baldvin þó ekki aðeins leikstýra auglýsingum heldur takast á við leikið efni á næstunni en hvaða verk það er fæst ekki staðfest hjá Sagafilm en fyrirtækið hefur framleitt fjöldann allan af sjónvarpsseríum síðustu ár, svo sem Rétt, Ástríði, Vaktaseríuna, Pressu og Heimsenda. **- lkg**



## Mest lesið VÍSIR

1 Níu fluttir á slysadeild þegar þjófar reyndu að stinga af – ökumaðurinn hálsbrotnaði
2 Heimsmeistarinn borðar ekkert duft bara matinn hjá mömmu
3 Strætóbílstjóri í spjaldtölvu undir stýri
4 Jón Gnarr: Ef Framsókn hefur áhyggjur af uppgangi Íslam á að ræða það á þingi
5 Indriði bjargaði mannslífi á fótboltavellinum


№28 2014 Listahátíð í Reykjavík



RIVER OF FUNDAMENT
Kvikmynd eftir Matthew Barney & Jonathan Bepler
@ Laugarásbíó
27. maí, kl 17:00
kr. 6.500

www.listahatid.is



GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

BYLTING í HEILSUDÝNUM



Við kynnum nýja heilsudýnu - BODYPRINT - IQ CARE



Bodyprint er ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!

Réttur stuðningur og þrýstijöfnun ★★★★★ Settu heilsuna í fyrsta sæti

Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

**BODYPRINT** er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbakið.

**BODYPRINT** er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

**BODYPRINT** leitast við að halda hryggsúlu í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

**BODYPRINT** er með nýja sérstaka efnisuppbyggingu sem skapa henni sérstöðu.

**BODYPRINT** er með nýjan opnari efnieiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur. (Svitnar síður).

**BODYPRINT**er með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

**BODYPRINT** aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því dýpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

**BODYPRINT** er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á www.reverie.com

- Inndraganlegur sterkur stálbotn.
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun



RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®

IQ-CARE Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Einnig úrval af heilsukoddum



12 mán. vaxtalausar greiðslur*



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

KORTER.IS